

Börnin í borginni

Líðan og samskipti í skóla, félagsstarf og tómstundir og vímuefnaneysla:
Könnun meðal nemenda í 5. - 10. bekk grunnskóla í Reykjavík vorið 2001

Svandís Nína Jónsdóttir
Hera Hallbera Björnsdóttir
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir
Inga Dóra Sigfúsdóttir



RANNSÓKNIR & GREINING EHF
Icelandic Center for Social Research and Analysis

Unnið fyrir:

**Fræðslumiðstöð Reykjavíkur,
Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur,
og Samstarfsnefnd Reykjavíkur um
afbrotá- og fíkniefnavarnir**

© 2002 Rannsóknir & greining ehf.

Formáli

Íþrótt- og tómstundaráð, Fræðslumiðstöð og Samstarfsnefnd um afbrota- og fíkniefnavarnir tóku höndum saman vorið 2001 um gerð ítarlegrar könnunar á högum og líðan 10–15 ára barna og unglunga í borginni. Könnunin nefndist Grunnskólanemar í Reykjavík 2001. Spurt var um þátttöku í tómstundastarfi, íþróttum og félagsstarfi, líðan og samskipti í félagahópi, skóla og heima fyrir og unglungarnir voru spurðir um neyslu vímuefna. Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining sá um framkvæmd könnunarinnar, úrvinnslu gagna og samantekt helstu niðurstaðna sem hér eru kynntar.

Fræðslumiðstöð og Íþrótt- og tómstundaráð sinna börnum og unglungum um alla borg og þurfa að afla upplýsinga til að meta og móta starf sitt og stefnu. Samstarfsnefnd um afbrota- og fíkniefnavarnir er samstarfsvettvangur Félagsþjónustunnar, ÍTR, Fræðslumiðstöðvar, Miðgarðs og lögreglu um þau mál. Auk þessa samstarfs í forvarnarmálum hafa ÍTR og Fræðslumiðstöð aukið samvinnu sína um tómstunda- og félagsstarf í grunnskólunum. Af þessum rótum er runnin hugmyndin að samstarfi um ítarlega könnun meðal barna og unglunga enda er vilji til að auka samstarf borgarstofnana, til að bæta þjónustu og nýta gögn og gæði eins vel og framast er unnt.

Ein, stór sameiginleg könnun hafði ýmsa kosti umfram þrjár smærri. Framkvæmdin var einfaldari fyrir skólana sem önnuðust fyrir lögn spurningalista, upplýsingarnar sem aflað var eru fjölþættari og margir möguleikar hafa opnast til að skoða samhengi ólíkra þátta. Þessi nýi sproti rannsóknar- og þróunarsamstarfs á því góða möguleika á að vaxa og dafna.

Þessi skýrsla með helstu niðurstöðum á að draga upp nokkra heildarmynd af högum og líðan barna og unglunga í Reykjavík. Erú áhugamál barna breytileg eftir borgarhlutum? Hvernig breytist þátttaka í tómstundastarfi eftir aldri? Hvaða þróun má greina í vímuefnaneyslu unglunga? Erú tengsl milli vanlíðunar í skóla og samskipta á heimilum? Hvernig þróast kynjamunur á viðhorfum til skólans? Það má lengi spyrja því myndin er litskrúðug og margræð og skýrslan vekur efalaust fleiri spurningar en hún svarar. En ef hún nýtist sem verkfæri í höndum þeirra sem vinna að málefnum og velferð barna og unglunga í borginni á næstu árum – þá er vel.

Gísli Árni Eggertsson
Íþrótt- og tómstundaráð
Reykjavíkur

Kristín Jónsdóttir
Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur

Snjólaug Stefánsdóttir
Samstarfsnefnd Reykjavíkur
um afbrota- og fíkniefnavarnir



Efnisyfirlit

SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA..... 19

LÍÐAN OG SAMSKIPTI Í SKÓLA	19
ÍÞRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR	22
VÍMUEFNANEYSLA.....	25

INNGANGSORÐ..... 27

AÐFERÐ 29

ÞÁTTTAKENDUR OG FRAMKVÆMD..... 29

LÍÐAN OG SAMSKIPTI Í SKÓLA..... 32

VÍÐHORF TIL SKÓLANS	33
HVERNIG FINNST ÞÉR SKÓLINN ÞINN?	33
HVAÐ FINNST ÞÉR EINKENNA SKÓLANN ÞINN?	37
Væntumþykja í garð skóla.....	38
NÁMIÐ.....	40
VÍÐHORF TIL NÁMS	40
Námið erfitt. 5. – 7. bekkur.....	41
Námið auðvelt. 5. – 7. bekkur.	42
Námið of þungt. 8. – 10. bekkur.	43
Mikilvægi náms. 8. – 10. bekkur.....	45
LÍÐAN Í SKÓLA	46
LÍÐAN Í KENNSLUSTUNDUM	47
Vanlíðan nemenda í 5. – 7. bekk í kennslustundum	49
Vanlíðan nemenda í 8. – 10. bekk í kennslustundum	50
LÍÐAN Í FRÍMÍNÚTUM.....	51
Líður mjög illa eða nær aldrei vel í frímínútum	53
Vanlíðan í skóla og mikilvægi náms	54
AÐ VILJA HÆTTA Í SKÓLANUM	54
Mikilvægi náms og löngun til að hætta í skóla.....	56
KVÍÐI Í SKÓLA	57
Finna mjög oft fyrir kvíða	59
Kvíði í skóla og erfiðleikar í námi	59
SAMRÆÐUR VIÐ FORELDRA UM LÍÐAN	60
Samræður við foreldra og löngun til að hætta í skóla.....	63
SKÓLAFÉLAGARNIR	64
VINIR Í SKÓLANUM	64
SAMSKIPTI KRAKKANNA Í BEKKNUM	66
MAÐUR ÞORIR AÐ „VERA MAÐUR SJÁLFUR“	67
STRÍÐNI.....	69
STRÍÐNI Í SKÓLANUM.....	69
EINELTI Í BEKKNUM	71

Stríðni og löngun til að hætta í skóla	73
KYNJAMUNUR Í SKÓLASTARFI	74

ÍPRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR..... 75

UNGT FÓLK 1992 OG 1997	76
ALMENN ÍPRÓTTAÐKUN	77
BOLTAÍPRÓTTIR	77
FIMLEIKAR	79
FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR OG HLAUP.....	80
ÍÐKUN SUNDS	82
SKÍÐA- OG SKAUTAÍPRÓTTIR	83
SJÁLFSVARNARÍPRÓTTIR	84
HJÓLAÍPRÓTTIR.....	86
NEMENDUR Í 5. – 7. BEKK SEM EKKI STUNDA ÍPRÓTTIR REGLULEGA	87
ÍPRÓTTASTARF MEÐ ÍPRÓTTAFÉLÖGUM – 8. BEKKUR.....	89
ÆFINGAR Í SKÓLANUM FYRIR UTAN SKYLDUTÍMA.....	90
ÍPRÓTTIR OG ÆFINGAR HVORKI Á VEGUM SKÓLA NÉ ÍPRÓTTAFÉLAGA	91
SAMANBURÐUR Á ÍPRÓTTAÐKUN NEMENDA 2000 OG 2001.....	92
ÍÐKUN SKIPULAGS FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARFS.....	93
SKÁTASTARF	94
TRÚARSTARF.....	95
TÓNLISTARSTARF.....	97
MÝNDLIST OG LEIKLIST	99
SKIPULAGT TÓMSTUNDASTARF 5. – 7. BEKKJAR Í SKÓLA	100
Tómstundastarf í skóla.....	100
Félagsstarf í bekknum.....	102
Ekkert félagsstarf í boði innan bekkjarins.....	103
SKIPULAGT FÉLAGSSTARF NEMENDA Í 8. BEKK	104
Böll í félagsmiðstöð og skóla	104
Starfsemi félagsmiðstöðva.....	105
Félagsstarf í skóla	107
Samanburður á félags- og tómstundastarfi nemenda 2000 og 2001	109

VÍMUEFNANEYSLA 111

REYKINGAR.....	111
DAGLEGAR REYKINGAR.....	112
DAGLEGAR REYKINGAR STRÁKA OG STELPNA	113
MUNN- OG NEFTÓBAKSNÓTKUN	116
ÁFENGISNEYSLA	118
ÖLVUN SÍÐASTLIÐNA 30 DAGA	118
ÖLVUN STRÁKA OG STELPNA	119
HVAR DREKKA UNGLINGARNIR?	122
TEGUNDIR ÁFENGIS	124
NEYSLA Á HEIMABRUGGI/LANDA.....	124
NEYSLA ÓLÖGLEGRA VÍMUEFNA	125
HASSNEYSLA UM ÆVINA	126
HASSNEYSLA STRÁKA OG STELPNA	128
NEYSLA ANNARRA ÓLÖGLEGRA VÍMUEFNA	130

FÉLAGSLEGT UMHVERFI VÍMUEFNANEYSLU135

HEIMILDASKRÁ139

VIÐAUKAR143

VIÐAUKI I. SKÓLI OG ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDAIÐKUN 5. – 7. BEKKUR..... 143

VIÐAUKI II. SKÓLI 8. – 10. BEKKUR 151

VIÐAUKI III. ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDAIÐKUN 8. BEKKUR 165

VIÐAUKI IV. VÍMUEFNANEYSLA 8. – 10. BEKKUR..... 176

Yfirlit yfir myndir í Samantekt

Mynd I.	Hlutfall nemenda sem segjast oft eða mjög oft líða vel í kennslustundum, eiga marga eða mjög marga vini og sjaldan eða næstum aldrei vera strítt í skólanum. . 19
Mynd II.	Hlutfall nemenda í 5. – 10. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að þykja vænt um skólann sinn, að samskipti nemenda og fullorðinna séu góð í skólanum og að krakkarnir í bekknum séu góðir vinir.20
Mynd III.	Hlutfall nemenda í 5. - 10. bekk sem segjast ekki líða vel í kennslustundum, ekki líða vel í frímínútum og vera oft eða mjög oft strítt í skólanum.20
Mynd IV.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf langa til að hætta í skólanum eftir því hversu oft þeim er strítt í skólanum.21
Mynd V.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem finnst námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt, líður oft eða nær alltaf illa í skólanum og langar oft eða nær alltaf að hætta í skólanum, eftir því hversu oft þeir tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður.....22
Mynd VI.	Hlutfall nemenda í 5. – 8. bekk sem segjast fara í sund, stunda boltaþróttir og stunda hjólaþróttir einu sinni í viku eða oftar.....23
Mynd VII.	Hlutfall nemenda í 5. – 7. bekk sem taka þátt í félagsstarfi eða tómskundastarfi í skólanum, einu námskeiði eða fleirum.24
Mynd VIII.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem taka þátt í félagsstarfi félagsmiðstöðva eða skóla nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.24
Mynd IX.	Hlutfall nemenda í 10. bekk á landinu öllu sem reykja daglega, hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar sl. 30 daga og hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 1997-2001.25
Mynd X.	Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík sem reykja daglega, hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar sl. 30 daga og hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 1997-2001.25
Mynd XI.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar sl. 30 daga eftir því hversu auðvelt eða erfitt er fyrir þá að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.26

Yfirlit yfir töflur í Aðferð

Tafla I.	Grunnskólarnir skipt eftir borgarhlutum.....30
Tafla II.	Fjöldi þátttakenda eftir borgarhlutum (fjöldi sem svarar).31

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan..	34
Mynd 2.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan.	35
Mynd 3.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan.	36
Mynd 4.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan.	36
Mynd 5.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að í skólanum þeirra séu samskipti nemenda og fullorðinna góð.	37
Mynd 6.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að samskipti nemenda og fullorðinna séu góð í skólanum þeirra.	37
Mynd 7.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn.	38
Mynd 8.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem er frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn.	39
Mynd 9.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn.	40
Mynd 10.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segja að námið í skólanum sé frekar eða mjög erfitt.	41
Mynd 11.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem þykir námið frekar eða mjög erfitt.	42
Mynd 12.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem þykir námið frekar eða mjög auðvelt.	42
Mynd 13.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem þykir námið frekar eða mjög auðvelt.	43
Mynd 14.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem þykir námið oft eða nær alltaf of þungt.	44
Mynd 15.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem þykir námið oft eða nær alltaf of þungt.	44
Mynd 16.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem þykir námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt.	45
Mynd 17.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem þykir námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt.	46
Mynd 18.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast yfirleitt líða frekar eða mjög illa í kennslustundum.	47
Mynd 19.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í kennslustundum.	48

Mynd 20.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem segjast líða frekar eða mjög illa í kennslustundum.	48
Mynd 21.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í kennslustundum.	49
Mynd 22.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem segjast yfirleitt líða mjög illa í kennslustundum.	49
Mynd 23.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. – 10. bekk sem segjast nær aldrei líða vel í kennslustundum.	50
Mynd 24.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast líða frekar eða mjög illa í frímínútum.	51
Mynd 25.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í frímínútum.	52
Mynd 26.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem segjast líða frekar eða mjög illa í frímínútum.	52
Mynd 27.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem segjast líða sjaldan eða nær aldrei vel í frímínútum.	53
Mynd 28.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem líður illa í skólanum eftir því hvort þeim finnst námið mikilvægt eða ekki.	54
Mynd 29.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vilja hætta í skólanum.	55
Mynd 30.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vilja hætta í skólanum.	55
Mynd 31.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf langa til að hætta í skólanum, eftir því hvort þeim finnst námið mikilvægt eða ekki.	56
Mynd 32.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum.	57
Mynd 33.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf finna fyrir kvíða í skólanum.	58
Mynd 34.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum.	58
Mynd 35.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 10. bekk sem segjast mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum.	59
Mynd 36.	Hlutfall nemenda í 5. – 7. bekk sem segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum, eftir því hvort þeim þykir námið yfirleitt auðvelt eða erfitt.	60
Mynd 37.	Hlutfall nemenda í 8. – 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf finna fyrir kvíða í skólanum, eftir því hvort þeim þykir námið oft eða nær alltaf of þungt.	60
Mynd 38.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður þrisvar sinnum í viku eða oftar.	61

Mynd 39.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður þrisvar sinnum í viku eða oftar.	62
Mynd 40.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 10. bekk sem segjast tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður þrisvar sinnum í viku eða oftar.	62
Mynd 41.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem finnst námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt, líður oft eða nær alltaf illa í skólanum og langar oft eða nær alltaf til að hætta í skólanum, eftir því hversu oft þeir tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður.....	63
Mynd 42.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum...64	
Mynd 43.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum.65	
Mynd 44.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að krakkarnir í bekknum séu góðir vinir.	66
Mynd 45.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að krakkarnir í bekknum séu góðir vinir.	67
Mynd 46.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að í bekknum þeirra sé þorandi að „vera maður sjálfur“.....	67
Mynd 47.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að í bekknum þeirra sé þorandi að „vera maður sjálfur“.....	68
Mynd 48.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast oft eða mjög oft vera strítt í skólanum.	69
Mynd 49.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera strítt í skólanum.	70
Mynd 50.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 10. bekk sem segjast oft eða mjög oft vera strítt í skólanum.	71
Mynd 51.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segja það einkennandi fyrir bekkinn sinn að það sé oft verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti.	72
Mynd 52.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segja það einkennandi fyrir bekkinn sinn að það sé oft verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti.	72
Mynd 53.	Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 10. bekk sem segja það einkennandi fyrir bekkinn sinn að það sé oft verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti.	73
Mynd 54.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf langa til að hætta í skólanum eftir því hvort þeim er strítt í skólanum eða ekki.	73
Mynd 55.	Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem tók þátt í skipulögðu félagsstarfi mánaðarlega eða oftar, samanburður milli ára 1992 og 1997.	76
Mynd 56.	Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda boltaíþróttir (fótbolta, handbolta, körfubolta eða blak) 3 sinnum í viku eða oftar.	77
Mynd 57.	Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda fimleika 3 sinnum í viku eða oftar. .79	

Mynd 58.	Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda frjálsar íþróttir og hlaup 3 sinnum í viku eða oftár.	81
Mynd 59.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem fara í sund og hlutfall nemenda í 8. bekk sem iðka sund, 3 sinnum í viku eða oftár.	82
Mynd 60.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem fara á skíði, snjóbretti eða skauta og hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda skíði, snjóbretti og skauta, 3 sinnum í viku eða oftár.	84
Mynd 61.	Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda sjálfsvarnaríþróttir (júdó, karate, TaeKwonDo eða jujitsu) 3 sinnum í viku eða oftár.	85
Mynd 62.	Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem fara á hjólabretti, hlaupahjól, línuskauta eða hjólaskauta 3 sinnum í viku eða oftár.	86
Mynd 63.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem stunda íþróttir nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar.	88
Mynd 64.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda íþróttir (æfa og/eða keppa) með íþróttafélagi.	89
Mynd 65.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda íþróttir (æfa og/eða keppa) með íþróttafélagi þrisvar sinnum í viku eða oftár.	90
Mynd 66.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem taka þátt í íþróttum og líkamspjálfun í skólanum, fyrir utan skyldutíma (leikfimitíma).....	90
Mynd 67.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem taka þátt í íþróttum og líkamspjálfun í skólanum, fyrir utan skyldutíma (leikfimitíma), þrisvar sinnum í viku eða oftár.	91
Mynd 68.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda íþróttir eða æfingar á eigin vegum.	92
Mynd 69.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stundar íþróttir eða æfingar á eigin vegum, þrisvar sinnum í viku eða oftár.	92
Mynd 70.	Hlutfall nemenda í 8. bekk 2001 og 9. – 10. bekk 2000 sem stunda tiltekna íþróttir (líkamspjálfun) 1 sinni í viku eða oftár.	93
Mynd 71.	Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem taka þátt í skátastarfi, 1 sinni í viku eða oftár.	94
Mynd 72.	Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda trúarstarf (svo sem KFUM og K, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar eða kirkjuklúbbinn) 1 sinni í viku eða oftár.	96
Mynd 73.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem spila á hljóðfæri og hlutfall nemenda í 8. bekk sem eru í tónlistarnámi, eru í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum eða í lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit; 3 sinnum í viku eða oftár.	98
Mynd 74.	Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda myndlist eða leiklist 1 sinni í viku eða oftár.	99
Mynd 75.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem taka þátt í tómsundastarfi í skólanum (t.d. myndlist, keramik, leiklist eða skák), 1 námskeið eða fleiri.	101

Mynd 76.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem taka þátt í félagsstarfi í bekknum sínum (t.d. bekkjarkvöldi eða spilakvöldi), 1 skemmtun eða fleiri.	102
Mynd 77.	Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segja ekkert félagsstarf í boði í bekknum sínum (t.d. bekkjarkvöld eða spilakvöld).....	103
Mynd 78.	Hlutfall nemenda í 8. bekk eftir því hve oft þeir stunda böll í félagsmiðstöð eða skóla.	105
Mynd 79.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda böll í félagsmiðstöð eða skóla nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.	105
Mynd 80.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda félagsmiðstöð að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbba) nokkrum sinnum á ári eða oftar.	106
Mynd 81.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda félagsmiðstöð að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbba) nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.	107
Mynd 82.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda félagsstarf í skóla að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbba) nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.	108
Mynd 83.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda félagsstarf í skóla að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbba) nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.	108
Mynd 84.	Hlutfall nemenda í 8. bekk 2001 annars vegar og 9. og 10. bekk 2000 hins vegar sem stunda tiltekið félagsstarf, nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.....	109
Mynd 85.	Þróun vímuefnaneyslu unglunga í 10. bekk á Íslandi 1984-2000.....	111
Mynd 86.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja daglega; 1997-2001.....	113
Mynd 87.	Hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk vorið 2001 sem reykja daglega.....	113
Mynd 88.	Hlutfall stráka í 10. bekk sem reykja daglega; 1997-2001.....	114
Mynd 89.	Hlutfall stelpna í 10. bekk sem reykja daglega; 1997-2001.....	114
Mynd 90.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk vorið 2001 sem reykja daglega.	115
Mynd 91.	Hlutfall nemenda í 8. bekk vorið 2001 sem reykja daglega.....	115
Mynd 92.	Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2001, sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina.....	116
Mynd 93.	Hlutfall nemenda í 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina.....	117
Mynd 94.	Hlutfall nemenda í 8. bekk vorið 2001 sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina.....	117
Mynd 95.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar sl. 30 daga, 1997 - 2001.	118

Mynd 96.	Hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk vorið 2001 sem hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga.	119
Mynd 97.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk vorið 2001 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga.	120
Mynd 98.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk vorið 2001 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga.	120
Mynd 99.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk vorið 2001 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga.	121
Mynd 100.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk vorið 2001 sem hafa drukkið heimabugg/landa þrisvar sinnum eða oftár um ævina.	125
Mynd 101.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, 1997 - 2001.	126
Mynd 102.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina, 1997 - 2001.	127
Mynd 103.	Hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina.	127
Mynd 104.	Hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina.	128
Mynd 105.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina.	129
Mynd 106.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina.	129
Mynd 107.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina.	130
Mynd 108.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað svefntöflur/róandi án lyfseðils þrisvar sinnum eða oftár um ævina.	131
Mynd 109.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað amfetamín þrisvar sinnum eða oftár um ævina.	132
Mynd 110.	Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað E-töflur þrisvar sinnum eða oftár um ævina.	132
Mynd 111.	Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað tiltekin ólögleg vímuefni einu sinni eða oftár um ævina.	133
Mynd 112.	Hlutfall nemenda í 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað tiltekin ólögleg vímuefni einu sinni eða oftár um ævina.	134
Mynd 113.	Hlutfall nemenda í 8. bekk vorið 2001 sem hafa notað tiltekin ólögleg vímuefni einu sinni eða oftár um ævina.	135

- Mynd 114. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölváðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga eftir því hversu auðvelt/erfitt er fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum..... 136
- Mynd 115. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölváðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga eftir því hversu oft þeim líður vel í kennslustundum..... 137
- Mynd 116. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölváðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga eftir því hversu oft þeir stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi. 138

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem segjast yfirleitt líða frekar illa í frímínútum annars vegar og mjög illa í frímínútum hins vegar.....	53
Tafla 2. Hlutfall stráka og stelpna í 8. – 10. bekk sem segjast sjaldan líða vel í frímínútum annars vegar og nær aldrei vel hins vegar.	54
Tafla 3. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda boltaíþróttir á bilinu nokkrum sinnum í mánuði til 2 sinnum í viku.	78
Tafla 4. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda boltaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftár.	79
Tafla 5. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk í Reykjavík sem stunda fimleika þrisvar sinnum í viku eða oftár.	80
Tafla 6. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda frjálsar íþróttir eða hlaup þrisvar sinnum í viku eða oftár.	81
Tafla 7. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem fara í sund og hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda sund, þrisvar sinnum í viku eða oftár.	83
Tafla 8. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem fara á skíði, snjóbretti eða skauta og hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda skíði, snjóbretti eða skauta, þrisvar sinnum í viku eða oftár.	84
Tafla 9. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda sjálfsvarnaríþróttir (júdó, karate, TaeKwonDo eða jujitsu) þrisvar sinnum í viku eða oftár.....	85
Tafla 10. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem fara á hjólabretti, hlaupahjól, línuskauta eða hjólaskauta þrisvar sinnum í viku eða oftár.....	87
Tafla 11. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem stunda íþróttir nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar.	88
Tafla 12. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem taka þátt í skátastarfi, einu sinni í viku eða oftár.....	95
Tafla 13. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stundar trúarstarf (svo sem KFUM og K, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar eða kirkjuklúbbinn) einu sinni í viku eða oftár. ...	97
Tafla 14. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem spila á hljóðfæri (t.d. tónlistarnám, eru í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum eða í lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit) þrisvar sinnum í viku eða oftár.	98
Tafla 15. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda myndlist eða leiklist einu sinni í viku eða oftár.	100
Tafla 16. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem taka þátt í tómstundastarfi í skólanum (t.d. myndlist, keramik, leiklist eða skák) 1 námskeið eða fleiri.	101
Tafla 17. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem taka þátt í félagsstarfi í bekknum sínum (t.d. bekkjarkvöldi eða spilakvöldi) einni skemmtun eða fleiri.	103


Tafla 18. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem segja ekkert félagsstarf í boði í bekknum sínum (t.d. bekkjarkvöld eða spilakvöld).....	104
Tafla 19. Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2001 sem drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum.....	123
Tafla 20. Hlutfall nemenda í 9. bekk vorið 2001 sem drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum.....	123
Tafla 21. Hlutfall nemenda í 8. bekk vorið 2001 sem drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum.....	123

Samantekt niðurstaðna

Hér gefur að líta samantekt á helstu niðurstöðum rannsóknarinnar *Börnin í borginni. Líðan og samskipti í skóla, félagsstarf og tómstundir og vímuefnaneysla: Könnun meðal nemenda í 5. – 10. bekk grunnskóla í Reykjavík vorið 2001*. Nemendurnir voru meðal annars spurðir um líðan í skóla, viðhorf til náms og skólafélaga, samræður við foreldra og iðkun félagsstarfs og íþróttar. Jafnframt voru unglingarnir spurðir um neyslu vímuefna.


Líðan og samskipti í skóla

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að flestum nemendum í 5. – 10. bekk grunnskóla í Reykjavík líði vel í skólanum. Meirihluta nemenda líður vel í kennslustundum og er sjaldan eða nær aldrei strítt í skólanum. Jafnframt segjast flestir eiga marga eða mjög marga vini þar (mynd I).




Mynd I. Hlutfall nemenda sem segjast oft eða mjög oft líða vel í kennslustundum, eiga marga eða mjög marga vini og sjaldan eða næstum aldrei vera strítt í skólanum.

Um sex af hverjum tíu nemendum eru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn. Jafnframt telja flestir nemendur samskiptin innan skólans vera góð (mynd II). Þessi viðhorf eru nokkuð breytileg eftir aldri. Nemendur í 5. og 10. bekk eru líklegri en aðrir til þess að bera hlýjar tilfinningar í garð skóla sinna (ekki sýnt á mynd í samantekt).



Mynd II. Hlutfall nemenda í 5. – 10. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að þykja vænt um skólann sinn, að samskipti nemenda og fullorðinna séu góð í skólanum og að krakkarnir í bekknum séu góðir vinir.


Þegar nemendur í 5. – 7. bekk voru spurðir hvort þeim finnst námið yfirleitt auðvelt eða erfitt kemur í ljós að algengast er að þeim þyki námið hvorki auðvelt né erfitt (51%) (ekki sýnt á mynd). Hins vegar þykir ríflega þriðjungur nemenda námið mjög eða frekar auðvelt (38%) samanborið við um einn af hverjum tíu sem þykir það mjög eða frekar erfitt (11%). Þannig telja fleiri nemendur námið vera auðvelt en erfitt. Nemendum þykir námið hins vegar þyngjast þegar komið er upp í unglingsdeildir skólanna. Rúmlega tveir af hverjum tíu nemendum í 8. – 10. bekk telja námið oft eða nær alltaf of þungt (22%).



Mynd III. Hlutfall nemenda í 5. - 10. bekk sem segjast ekki líða vel í kennslustundum, ekki líða vel í frímínútum og vera oft eða mjög oft strítt í skólanum.

Þótt meirihluta nemenda líði vel í skólanum er mikilvægt að gefa náinn gaum að þeim sem ekki líður vel (mynd III)¹. Rúmlega 6% nemenda á miðstigi segja að yfirleitt líði þeim frekar eða mjög illa í kennslustundum. Nemendur unglíngadeildar eru nær helmingi líklegri en yngri nemendurnir til þess að líða ekki vel í kennslustundum þar sem um 13% þeirra segja að þeim líði sjaldan eða nær aldrei vel í kennslustundum. Jafnframt segist um einn af hverjum tuttugu nemendum ekki líða vel í frímínútum og álíka margir segja að þeim sé oft eða mjög oft strítt í skólanum. Þótt hlutfall nemenda í þessum sporum sé ekki sérlega hátt eru að baki hlutfallstölunni 363 nemendur (um 5%) í 5. – 10. bekk sem verða oft eða mjög oft fyrir stríðni í skólanum.

Það þarf ekki að koma á óvart að vanlíðan í skóla virðist fara saman með vilja til að hætta í skóla. Nemendur í 8. – 10. bekk sem segja að þeim sé oft eða nær alltaf strítt í skólanum eru fimm sinnum líklegri til þess að vilja hætta í skólanum en nemendur sem sjaldan eða nær aldrei verða fyrir stríðni (mynd IV).




Mynd IV. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf langa til að hætta í skólanum eftir því hversu oft þeim er strítt í skólanum.

Samfara þessu virðast nemendur hafa áhyggjur af einelti innan skóla. Um fjórðungur nemenda á miðstigi telur að oft sé verið að taka einhvern fyrir innan bekkjarins og leggja í einelti borið saman við um 17% nemenda unglíngadeildanna (ekki sýnt á mynd). Um 5% nemendahópsins sem um ræðir verður oft eða mjög oft fyrir stríðni en allt að fjórðungur nemenda er mjög eða frekar sammála þeirri

¹ Hér ber að hafa í huga að ekki er um samskonar spurningar að ræða fyrir ólíka aldurshópa. Nemendur unglíngadeilda voru spurðir hvort það ætti við um þá að líða vel í kennslustundum og frímínútum á kvarðanum nær alltaf til nær aldrei. Nemendur í 5. – 7. bekk, aftur á móti, voru spurðir hvernig þeim líður í kennslustundum og frímínútum á kvarðanum mjög vel til mjög illa. Þrátt fyrir mismunandi orðalag má ætla að þessi svör gefi vísbendingu um það að nemendum líði almennt ekki vel í skólanum.

fullyrðingu að það einkenni bekkinn að það sé oft verið að taka einhvern fyrir. Þetta bendir til þess að nemendur taki eftir stríðni og einelti innan bekkja þó þeir verði ekki endilega fyrir því sjálfir.




Mynd V. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem finnst námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt, líður oft eða nær alltaf illa í skólanum og langar oft eða nær alltaf að hætta í skólanum, eftir því hversu oft þeir tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður.

Einnig benda niðurstöður til að samræður barna og unglunga við foreldra um líðan sína fari saman með jákvæðum viðhorfum og góðri líðan í skóla (mynd V). Þannig kemur fram að unglingar sem ræða næstum aldrei við foreldra sína eru líklegri en aðrir unglingar til þess að telja námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt og líða oft eða nær alltaf illa í skólanum. Þeir eru jafnframt helmingi líklegri til þess að langa oft eða nær alltaf til að hætta í skólanum en þeir unglingar sem ræða líðan sína við foreldrana nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Íþróttir og tómstundir

Niðurstöður gefa til kynna að um helmingur skólabarna í 5. – 8. bekk í Reykjavík stundi íþróttir og félagsstarf að minnsta kosti einu sinni í viku. Eins og mynd VI ber með sér segjast um 48% barnanna fara í sund vikulega eða oftar. Að sama skapi er ástundun boltaíþróttar frekar almenn en um 51% nemenda í 5. – 8. bekk segjast iðka fótbolta, handbolta, körfubolta eða blak einu sinni í viku eða oftar.




Mynd VI. Hlutfall nemenda í 5. – 8. bekk sem segjast fara í sund, stunda boltaíþróttir og stunda hjólaíþróttir einu sinni í viku eða oftar.

Hlutfall grunnskólanema sem iðka hjólaíþróttir er svipað og hlutfall nemenda sem stunda áður nefndar íþróttir en tæplega helmingur nemenda í 5. – 8. bekk grunnskóla Reykjavíkur segjast hjóla, fara á línuskauta, hjólabretti eða hjólaskauta einu sinni í viku eða oftar.


Þegar skipulagt félagsstarf er annars vegar kemur í ljós að flestir nemenda í 5. – 7. bekk grunnskóla Reykjavíkur stunda slíkt, þá sérstaklega félagsstarf innan bekkjarins. Til skipulagðs félagsstarfs telst starfsemi félagsmiðstöðva, tómstundastarf skóla, skátastarf og trúarstarf. Miðað er við að starfsemin sé skipulögð af fullorðnum aðilum sem hafa eftirlit með börnum og unglíngum sem taka þátt (Þórólfur Þórlindsson o. fl., 2000, bls. 23).

Mynd VII sýnir að um 80% fimmtu til sjöundu bekkinga í Reykjavík stunda félagsstarf innan bekkjarins svo sem bekkjarkvöld eða spilakvöld, eina skemmtun eða fleiri yfir veturinn. Jafnframt taka 33% nemenda þátt í einu tómstundanámskeiði eða fleirum innan skólans.



Mynd VII. Hlutfall nemenda í 5. – 7. bekk sem taka þátt í félagsstarfi eða tómstundastarfi í skólanum, einu námskeiði eða fleirum.

Almennt er ástundun félagsstarfs í félagsmiðstöðvum að undanskildum böllum og diskóum algengari en tómstundastarf innan skóla meðal nemenda í 8. bekkjum (mynd VIII). Þannig segist um þriðjungur nemenda í áttunda bekk í Reykjavík sækja félagsmiðstöðvar borið saman við tæplega fjórðung nemenda sem stunda félagsstarf í skóla.




Mynd VIII. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem taka þátt í félagsstarfi félagsmiðstöðva eða skóla nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Ennfremur stundar yfir helmingur nemenda í áttunda bekk böll í félagsmiðstöð eða skóla nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Nokkur hópur nemenda í 5. – 7. bekk tekur ekki virkan þátt í íþróttastarfi. Um 10% nemenda á þessum aldri tekur ekki virkan þátt í íþróttastarfsemi, það er að segja æfir íþróttir einungis nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar.


Vímuefnaneysla

Frá árinu 1998 hafa reykingar, ölvun og notkun á hassi dregist saman meðal nemenda í 10. bekk á landsvísu (sjá mynd IX). Árið 2001 stendur hlutfall nemenda sem reykja daglega, hafa orðið ölvaðir síðastliðna 30 daga og hafa einhvern tíma um ævina notað hass í stað samanborið við árið 2000.



Mynd IX. Hlutfall nemenda í 10. bekk á landinu öllu sem reykja daglega, hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár sl. 30 daga og hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997-2001.

Þegar reykingar meðal nemenda í 10. bekk í Reykjavík eru athugaðar kemur fram svipuð þróun og á landsvísu (sjá mynd X). Þannig hafa daglegar reykingar tíundu bekkinga minnkað nokkuð frá árinu 1998, en hlutfall þeirra sem reykja daglega fór úr 23% árið 1998, niður í 17% árið 2001.




Mynd X. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík sem reykja daglega, hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár sl. 30 daga og hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997-2001.

Vert er að benda á að á undanförunum árum hafa daglegar reykingar verið álíka algengar meðal stelpna og stráka í tíunda bekk í Reykjavík. Árið 2001 bregður hins vegar svo við að daglegar reykingar meðal stelpna í tíunda bekk í Reykjavík aukast úr 19% árið 2000 í 23% árið 2001 á sama tíma og samdráttar verður vart meðal stráka á

sama aldri. Þannig reyktu 18% stráka daglega árið 2000 samanborið við um 17% árið 2001. Ólíkt því sem á sér stað á landsvísu virðist drykkja tíundu bekkinga í Reykjavík aukast frá árinu 2000 til 2001 (mynd X). Þannig má sjá að drykkja tíundu bekkinga náði hámarki árið 1998 (44%) en fór ört minnkandi fram að árinu 2000 (31%). Árið 2001 verður aukningar aftur vart en þá sögðust um 38% tíundu bekkinga í grunnskólum í Reykjavík einu sinni eða oftár hafa orðið ölvaðir síðustu 30 daga. Á sama tíma og samdráttar verður vart í daglegum reykingum nemenda í 10. bekk í Reykjavík virðist hassneysla þeirra aukast lítt frá árinu 2000 til 2001. Hassneysla meðal nemenda í Reykjavík hafði farið minnkandi frá árinu 1998, en það ár sögðust um 17% nemenda hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina samanborið við um 12% árið 2000 og um 15% árið 2001.

Tengsl við foreldra (þ. á. m. samræður og samvistir með foreldrum) hafa áhrif á líðan og lífsstíl barna og unglinga.



Mynd XI. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár sl. 30 daga eftir því hversu auðvelt eða erfitt er fyrir þá að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.

Niðurstöður okkar nú eru í samræmi við fyrri niðurstöður þessa efnis. Þannig kemur fram að nemendur 8. bekkja í Reykjavík sem eiga frekar eða mjög erfitt með að fá hlýju frá foreldrum sínum eru þrisvar sinnum líklegri en nemendur sem eiga frekar eða mjög auðvelt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum til þess að hafa orðið ölvaðir síðastliðna 30 daga.

Inngangsorð

Hugmyndir um mikilvægi æsku og unglingsára fóru að öðlast meira vægi í byrjun tuttugustu aldar. Þessar áherslur endurspeglast meðal annars í lagagerð börnum og ungmennum til verndar þar sem kveðið er á um skólaskyldu og lagðar hömlur á vinnu þeirra (Gillis, 1974). Ekki er ólíklegt að þessar hugmyndir hafi verið vísbending þess að börn og unglingar væru sérstakur hópur innan samfélagsins og því markað upphaf æskulýðsrannsókna sem sérstaks viðfangsefnis. Síðasta aldarfjórðunginn eða svo hafa birst á annað hundrað rannsóknarritgerðir um hagi ungs fólks á Íslandi (Hrönn Jónsdóttir, Guðríður Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason, 1991). Meginmarkmið þessara rannsókna er meðal annars að veita yfirsýn yfir það hvernig unglingar verja tíma sínum, hvernig líðan þeirra og viðhorfum er háttað og hvort og í hvaða magni þeir neyti vímuefna (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993). Markmið könnunarinnar *Grunnskólanemar í Reykjavík 2001* er að auka við þá þekkingu sem fyrir liggur á félagstarfi og líðan reykvískra barna í grunnskólum. Hér er stigið nýtt skref með umfangsmikilli könnun á högum og líðan skólabarna í 5. – 7. bekk en fram til þessa hefur athyglin beinst að eldri nemendum. Það er von þeirra sem að könnuninni standa að þannig sé hægt að fá heildstæða mynd af líðan og félagstarfi skólabarna í 5. – 10. bekk í grunnskóla í Reykjavík sem og vímuefnaneyslu nemenda í unglingadeildum borgarinnar.

Hér á eftir verða raktar helstu niðurstöður úr rannsókninni *Grunnskólanemar í Reykjavík 2001*. Umfjöllun efnisins er skipt upp í þrjá meginkafla þar sem hver og einn hefur sérstakt viðfangsefni. Í fyrsta kafla skýrslunnar, *Líðan og samskipti í skóla*, er líðan í skóla og samskiptum nemenda í 5. – 10. bekk við bekkjarfélaga og skólafélagsmenn lýst. Meðal annars er sagt frá líðan nemenda í kennslustundum og

frímínútum, kvíða í skóla og mikilvægi námsins sem og stríðni og einelti innan bekkja. Í öðrum kafla, *Íþróttir og tómstundir*, er fjallað um íþróttaiðkun og félags- og tómstundastarf nemenda í 5. – 8. bekk. Efnið skiptist í nokkra meginþætti þar sem tómstundaiðkun nemenda í skóla, þátttöku í félagsstarfi félagsmiðstöðva og iðkun íþrótta innan eða utan íþróttafélaga er lýst. Í þriðja og síðasta kafla, *Vímuefnaneysla*, er neyslu nemenda í 8. – 10. bekk á vímuefnum gerð skil. Rætt er um daglegar reykingar nemenda og ölvun síðastliðna 30 daga sem og ölvun um ævina. Jafnframt er neysla nemenda á ólöglegum vímuefnum skoðuð, þ.á.m. neysla á hassi, E-töflum, amfetamíni og sniffi.

Til viðbótar þessum helstu niðurstöðum sem greinir frá í skýrslunni er að finna ítarlegan viðauka með hlutfalls- og fjöldatölum yfir svör nemenda við öllum spurningum spurningalistanna, skipt eftir borgarhlutum.

Aðferð

Þátttakendur og framkvæmd

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru úr könnuninni *Grunnskólanemar í Reykjavík 2001*, sem lögð var fyrir nemendur í öllum grunnskólum borgarinnar vorið 2001. Íþróttta- og tómstundaráð Reykjavíkur, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, áætlunin Ísland án eiturfylfja og Áfengis- og vímuvarnaráð stóðu að rannsókninni en umsjón með framkvæmd og úrvinnslu var í höndum Rannsóknna & greiningar. Þátttakendur voru nemendur í fimmta til tíunda bekk grunnskóla í Reykjavík í aprílmánuði 2001. Spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur sem mættu í skólann 3. apríl 2001 og sáu kennarar um að leggja spurningalistana fyrir nemendur. Hér er því ekki um hefðbundna úrtakskönnun að ræða, heldur var könnunin lögð fyrir reykvíska nemendur í fimmta til tíunda bekk sem mættu í skólann umræddan dag. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda.

Þar sem um breitt bil í aldri og þroska nemenda er að ræða var þremur gerðum spurningalista dreift til nemenda og var hver sniðinn að þörfum þess aldurshóps sem við átti. Þar af leiðandi eru spurningarnar í spurningalistunum mismunandi orðaðar eftir því við hvaða aldurshóp var miðað. Í spurningalistunum var meðal annars spurt um fjölskyldugerð, líðan í skóla, tómstunda- og íþróttaiðkun og neyslu vímuefna. Í öllum gerðum spurningalistanna voru ákveðnar kjarnaspurningar en ítarlegri spurningar um tiltekna efnisflokka voru í hverri gerð fyrir sig. Þannig fengu

nemendur í 5., 6. og 7. bekk spurningalista þar sem áhersla var lögð á líðan og viðhorf til náms og skóla sem og iðkun íþrótta- og tómsunda. Nemendur í 8. bekk fengu svipaðar spurningar og yngri nemendurnir um nám, skóla og tómsundaiðkun að viðbættum spurningum um neyslu vímuefna. Í spurningalistum nemenda 9. og 10. bekkjar var spurt um líðan og viðhorf til náms og skóla sem og vímuefnaneyslu. Til glöggvunar á þróun vímuefnaneyslu 10. bekkinga verða svör þeirra borin saman við svör nemenda í 10. bekk frá árunum 1997-2000.

Hér á eftir er líðan og samskiptum í skóla, vímuefnaneyslu, félagsstarfi og tómsundum nemenda í 5. – 10. bekk grunnskóla í Reykjavík lýst. Leitast verður við að greina áður nefnda þætti út frá búsetu nemenda eftir borgarhlutum, aldri (árgöngum) og kynferði. Miðað er við nýja borgarhlutaskiptingu sem tók gildi í janúar 2001. Tafla 1 sýnir skiptingu grunnskóla eftir borgarhlutum.

Tafla I. Grunnskólarnir skipt eftir borgarhlutum.

Borgarhluti	Skólar	Fjöldi skóla
Borgarhluti I (Miðbær 1. 1. og Vesturbær 1. 2.)	Austurbæjarskóli	Vesturbæjarskóli
	Grandaskóli	Einholtsskóli
	Hagaskóli	Tjarnarskóli
	Melaskóli	Landakotsskóli
Borgarhluti II (Laugardalur 2. 1. og Kringlan 2. 2.)	Álftamýrarskóli	Hlíðaskóli
	Háteigsskóli	Hvassaleitisskóli
	Langholtsskóli	Dalbrautarskóli
	Laugarnesskóli	Suðurhlíðarskóli
	Laugalækjarskóli	Vesturhlíðarskóli
	Vogaskóli	Fossvogsskóli
Borgarhluti III (Breiðholt 3. 1. og Árbær 3. 2.)	Breiðholtsskóli	Ártúnsskóli
	Hólabrekkuskóli	Selásskóli
	Ölduselsskóli	Waldorf-skólinn Sólstafir
	Seljaskóli	Fellaskóli
	Árbæjarskóli	
Borgarhluti IV (Grafarvogur 4. 1. og Kjalarnes 4. 2.)	Foldaskóli	Húsaskóli
	Engjaskóli	Korpuskóli
	Hamraskóli	Rimaskóli
	Klébergsskóli	Borgaskóli

Á öllum stigum framkvæmdar var fullkominnar nafnleyndar og trúnaðar gætt. Af heildarfjölda nemenda í 5. – 10. bekk í öllum grunnskólum í Reykjavík (8665)

veturinn 2000 – 2001 svöruðu 7526 nemendur spurningalistanum, eða 86,9%. Svarhlutfallið skiptist milli aldursflokka á eftirfarandi hátt: í 5., 6. og 7. bekk samanlögðum var svarhlutfallið 88,8%, og í 8. - 10. bekk 84,6%. Ítarlegri upplýsingar um fjölda nemenda sem þátt tóku skipt eftir búsetu má sjá í töflu II.

Tafla II. Fjöldi þátttakenda eftir borgarhlutum (fjöldi sem svarar).

	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	119	123	206	193	222	204	160	182	707	702
6. bekkur	107	109	190	192	191	200	149	149	637	650
7. bekkur	135	116	207	193	205	195	164	111	711	615
8. bekkur	81	98	189	180	186	150	118	130	574	558
9. bekkur	113	103	167	161	134	159	85	103	499	526
10. bekkur	85	116	148	169	153	181	88	108	474	574

Líðan og samskipti í skóla

Fræðimenn hafa fært gild rök fyrir því að unglingar sem hafa veik tengsl við skólann, líði illa í skólanum eða séu lítið skuldbundnir náminu, séu líklegri en aðrir til þess að tileinka sér lífsstíl sem er ekki í samræmi við viðurkennda hegðun í samfélaginu (Hirschi, 1969). Þannig er talið að sterk tengsl unglinga við aðila sem fylgja hefðbundnum viðmiðum og gildum samfélagsins minnki líkur á því að unglingar hegði sér ekki í samræmi við lög og reglur samfélagsins og leiðist þar af leiðandi síður út í afbrot og vímuefnaneyslu. Í þessum skilningi hefur skólinn mikilvægu hlutverki að gegna. Íslenskar rannsóknir á tengslum skólastarfs við vímuefnaneyslu unglinga hafa leitt í ljós að velgengni og vellíðan í skóla minnki líkurnar á því að ungt fólk hefji neyslu á áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Ingibjörg V. Kaldalóns, 1996, Finnboði Gunnarsson, Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 1996; Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir, 1997; Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson, 1991). Til að mynda hefur komið fram að stormasöm skólaganga sé nátengd ofbeldi meðal unglinga (Felson o. fl., 1994; Hirschi, 1967; Liska og Reed, 1985; Krohn o. fl., 1984, Þórólfur Þórlindsson o. fl., 2000). Þannig er niðurstaða íslenskra rannsókna sú að nemendur sem eru illa undirbúnir undir kennslustundir, standa sig illa í námi og telja námið tilgangslaust séu líklegri en aðrir nemendur til þess að hafa beitt aðra ofbeldi (Þóroddur Bjarnason o. fl., 2000).

Íslenskar æskulýðsrannsóknir í 9. og 10. bekk grunnskóla hafa einnig leitt í ljós að töluverður kynjamunur er á líðan nemenda í skóla og viðhorfum þeirra til skólastarfsins. Þannig hefur komið fram að strákar finna frekar en stúlkur til vanlíðunar innan veggja skólans og eru líklegri til þess að eiga slæm samskipti við

kennara og annað starfsfólk skólans. Aftur á móti finna stúlkur frekar en strákar til kvíða í skólanum (Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999). Nú vaknar sú spurning hvort þennan mun á líðan kynjanna sé einnig að finna í 5., 6. og 7. bekk grunnskólanna en um það verður meðal annars rætt hér á eftir.


Í þessum kafla verður gerð grein fyrir líðan nemenda í skóla og viðhorfum þeirra til skólastarfsins og skólafélaganna. Rakin verða svör nemenda við spurningum um skólastarf, samskipti við skólafélaga, kvíða, stríðni og líðan í kennslustundum og frímínútum, svo eitthvað sé nefnt.

Viðhorf til skólans

Hvernig finnst þér skólinn þinn?

Hér eru viðhorf nemenda til skóla sinna rædd. Í rannsókninni voru nemendur spurðir að því hvernig þeim þætti skólinn sinn og þeir beðnir að meta gæði samskipta sem eiga sér stað milli fullorðinna einstaklinga og nemenda innan skólans. Heildarniðurstaðan er sú að meirihluti nemenda í öllum borgarhlutum hefur jákvæð viðhorf í garð skóla sinna og telur samskipti milli nemenda og fullorðinna vera góð. Þó er að finna töluverðan mun á borgarhlutum í þessu efni, sérstaklega í eldri bekkjum grunnskólanna.


Myndir 1 og 2 sýna hlutfall reykvískra nemenda sem þykir skólinn sinn vera frekar eða mjög góður.



Mynd 1. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan.

Á mynd 1 kemur fram að um og yfir helmingur nemenda í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla í Reykjavík telur skólann sinn vera frekar eða mjög góðan. Slík viðhorf eru hlutfallslega algengust í fimmta bekk og lækkar hlutfallið eftir því sem ofar dregur í aldri. Þó eru viðhorf til skóla breytileg eftir borgarhlutum. Þannig telja 55% fimmtu bekkinga í borgarhluta IV skólann sinn vera frekar eða mjög góðan, borið saman við um 66% fimmtu bekkinga í borgarhluta II og 61% fimmtu bekkinga í Reykjavík í heild. Aftur á móti telja 47% og 49% sjöundu bekkinga í borgarhlutum III og IV skólann sinn vera frekar eða mjög góðan, borið saman við um rétt innan við 60% í borgarhlutum I og II og 52% fyrir Reykjavík í heild sinni.


Þetta samband árgangs og viðhorfa til skólans heldur sér nokkuð í eldri bekkjum grunnskólanna, með öfugum formerkjum þó. Á mynd 2 kemur í ljós að í árgöngum 8. - 10. bekkjar hafa eldri nemendur í 10. bekk í Reykjavík jákvæðari viðhorf til skóla sinna en þeir sem yngri eru. Þrátt fyrir að jákvæðni nemenda í 8. – 10. bekk sé nokkuð misjöfn eftir borgarhlutum eru tíundu bekkingar í heild sinni líklegri en nemendur í bæði áttunda og níunda bekk til þess að finnast skólinn sinn vera frekar eða mjög góður.



Mynd 2. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan.

Hlutfallslega flestir tíundu bekkingar í borgarhluta I telja skólann sinn frekar eða mjög góðan, eða um þrjú fjórðu hluti nemenda, borið saman við um helming tíundu bekkinga í Borgarhluta IV og um 60% jafnaldra þeirra í Reykjavík allri. Í borgarhluta II snýst dæmið við. Þar kemur fram að áttundu bekkingar eru líklegri en nemendur í öðrum árgöngum til þess að hafa jákvæð viðhorf til skólans síns, eða um 64% borið saman við um 59% níundu bekkinga og 57% tíundu bekkinga. Athygli vekja svör níundu bekkinga í borgarhluta IV við þessari spurningu, en færri nemendur (34%) í þeim borgarhluta telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan.


Einnig er um töluverðan kynjamun að ræða að þessu leyti. Á myndum 3 og 4 kemur fram að stelpur í 5. - 10. bekk grunnskóla í Reykjavík eru almennt líklegri en strákar til þess að telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan. Til að mynda eru 48% stráka í 5. – 7. bekk á þessari skoðun, borið saman við um 64% stelpna.



Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan.

Minni mun er að finna á hlutfalli kynjanna hvað þetta varðar meðal eldri nemenda í Reykjavík í heild en þó kemur fram nokkur munur milli kynja eftir borgarhlutum.

Þannig kemur fram töluverður munur á hlutfalli stráka sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan í borgarhlutum I (59%) og IV (36%).




Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem telja skólann sinn vera frekar eða mjög góðan.

Hlutfall stelpna er einnig nokkuð mismunandi í þessu efni milli borgarluta en ekki munar þó jafn miklu og á hlutfalli strákanna.


Hvað finnst þér einkenna skólann þinn?

Á myndum 5 og 6 kemur fram hlutfall stráka og stelpna í grunnskólum í Reykjavík sem eru frekar eða mjög sammála því að í skólanum þeirra séu góð samskipti milli nemenda og fullorðinna.



Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að í skólanum þeirra séu samskipti nemenda og fullorðinna góð.


Á mynd 5 sést að nokkur munur er á viðhorfum stráka og stelpna í 5. – 7. bekk. Þannig telja stelpur samskiptin innan skólans betri en strákar. Niðurstöður fyrir 8. – 10. bekk (mynd 6) sýna svipaðan kynjamun og fyrir 5. – 7. að undanskildum 9. bekk, en þar kemur varla fram munur á viðhorfum stráka og stelpna.



Mynd 6. Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að samskipti nemenda og fullorðinna séu góð í skólanum þeirra.


Væntumþykja í garð skóla

Í niðurstöðunum hér á eftir er hlutfalli nemenda sem þykir vænt um skólann sinn lýst. Mynd 7 sýnir hlutfall fimmtu, sjöttu og sjöundu bekkinga sem eru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn. Þar kemur fram að yngstu nemendurnir eru almennt líklegri en þeir eldri til þess að þykja vænt um skólann sinn. Um 73% fimmtu bekkinga í Reykjavík í heild eru á þeirri skoðun borið saman við um ríflega helming sjöundu bekkinga. Lítinn mun er að merkja milli borgarhluta í þessu efni en mynstrið er ætíð á þá leið að yngri nemendurnir eru líklegri en eldri nemendurnir til þess að þykja frekar eða mjög vænt um skólann sinn.



Mynd 7. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn.


Annað og óreglulegra mynstur kemur fram í viðhorfum unglinganna en nemenda 5. – 7. bekkjar. Mynd 8 sýnir að nemendur í tíunda bekk (61%) eru líklegri en nemendur í áttunda (57%) og níunda bekk (55%) til þess að þykja vænt um skólann sinn. Þetta mynstur er nokkuð breytilegt eftir borgarhlutum. Sérstaklega er hlutfall tíunda bekkinga (78%) áberandi í borgarhluta I, en þeir eru mun líklegri en aðrir nemendur 8. – 10. bekkjar til þess að vera á þessari skoðun. Þá virðast áttundu bekkingar í borgarhluta II vera jákvæðari í garð skólans en nemendur í bæði níunda og tíunda bekk.



Mynd 8. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem er frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn.

Um svipað myndstur er að ræða í viðhorfum nemenda hvað varðar væntumþykju í garð skólans og til samskipta innan hans. Eins og myndirnar hér að framan sýna eru yngstu nemendurnir (5. og 6. bekkur) og elstu nemendurnir (10. bekkur) yfirleitt jákvæðari í garð skólanna sinna en aðrir. Þetta gefur til kynna að nemendur í sjöunda og áttunda bekk reykvískra grunnskóla hafi neikvæðari viðhorf í garð skóla sinna en yngri og eldri nemendur.

Munur á viðhorfum stráka og stelpna í garð skóla er svipaður og áður. Á mynd 9 kemur fram að stelpur eru töluvert líklegri en strákar til þess að vera frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn.



Mynd 9. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: Mér þykir vænt um skólann minn.

Hér sést að hlutfall stelpna sem þykir vænt um skólann sinn er um það bil þriðjungu hærra en hlutfall stráka í árgöngunum þremur. Þó er athyglisvert að hlutfall nemenda sem þykir vænt um skólann sinn lækkar eftir aldri og gildir það fyrir bæði kynin. Til að mynda eru 63% stráka í fimmta bekk frekar eða mjög sammála fullyrðingunni að þykja vænt um skólann sinn, borið saman við um 46% stráka í sjöunda bekk.

Svipaða sögu er að segja um eldri nemendur grunnskólanna nema hvað bilið á milli kynjanna minnkar með hækkandi aldri. Þannig þykir 48% stráka í áttunda bekk vænt um skólann sinn, samanborið við um 66% stelpna. Þessi kynjamunur er svipaður og í yngri bekkjunum. Aftur á móti er munurinn kominn niður í rétt yfir 10% hjá nemendum tíunda bekkjar, þar sem um 54% stráka og 66% stelpna segjast frekar eða mjög sammála því að þykja vænt um skólann sinn (ekki sýnt á mynd).

Námið


Viðhorf til náms

Hér á eftir verður fjallað um viðhorf nemenda í grunnskólum í Reykjavík til námsins. Athugað er hversu erfitt eða auðvelt nemendum þykir námið og hversu

mikilvægt námið er þeim. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir borgarhlutum sést að hlutfall nemenda í grunnskólum í Reykjavík sem þykir námið erfitt eða of þungt nær frá 8% í yngri bekkjunum (mynd 10) og upp í 27% í eldri bekkjunum (mynd 14). Að sama skapi er fámenn í hópi nemenda sem þykir námið mjög auðvelt en einungis um 7-10% nemenda í 5. – 7. bekk í grunnskólum í Reykjavík eru á þeirri skoðun. Stærstur er þó sá hópur miðstignemenda sem þykir námið hvorki auðvelt né erfitt (51%) (ekki sýnt á mynd).


Námið erfitt. 5. – 7. bekkur

Á mynd 10 kemur fram hlutfall grunnskólanema í 5., 6. og 7. bekk í Reykjavík sem segja að þeim finnist námið í skólanum vera frekar eða mjög erfitt.



Mynd 10. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segja að námið í skólanum sé frekar eða mjög erfitt.

Á myndinni sést að rúmlega einum af hverjum tíu nemendum í 5. – 7. bekk þykir námið á einhvern hátt erfitt. Nokkuð mikill munur er þó á milli árganga innan borgarhluta III. Til að mynda þykir 13% fimmtu bekkinga þar námið vera frekar eða mjög erfitt, borið saman við um 8% sjöttu bekkinga og 15% sjöundu bekkinga. Ennfremur er hlutfall nemenda sem þykir námið frekar eða mjög erfitt hærra í borgarhlutum III og IV en í borgarhlutum I og II, en meðaltal þeirra fyrrnefndu er um 12%, borið saman við um 10% í þeim síðarnefndu.




Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem þykir námið frekar eða mjög erfitt.

Strákar eru líklegri en stelpur til að þykja námið frekar eða mjög erfitt. Mynd 11 sýnir að hjá nemendum 6. bekkjar er munur kynjanna í þessu efni mestur en 13% stráka þar eru á þessari skoðun borið saman við um 8% stelpna. Munurinn nær hverfur síðan hjá nemendum sjöunda bekkjar en eykst aftur þegar komið er í áttunda bekk (sjá mynd 15).

Námið auðvelt. 5. – 7. bekkur.


Hjá nemendum 5., 6. og 7. bekkjar sem þykir námið frekar eða mjög auðvelt kemur, þegar á heildina er litið, fram lítil munur eftir borgarhlutum (sjá mynd 12).



Mynd 12. Hlutfall nemenda í 5. – 7. bekk sem þykir námið frekar eða mjög auðvelt.

Á mynd 12 sést að í borgarhluta I og II telur hærra hlutfall nemenda í sjöunda bekk námið vera frekar eða mjög auðvelt (47%) borið saman við nemendur í borgarhlutum III (35%) og borgarhluta IV (42%).

Kynjamunur í þessu efni er ekki mikill. Ef skilið er á milli nemenda sem þykir námið frekar auðvelt og nemenda sem þykir námið mjög auðvelt (mynd 13) kemur í ljós að kynjamunur er mjög lítil hjá nemendum sem þykir námið mjög auðvelt en sá hópur er um 7 – 10% af öllum nemendum á miðstigi.




Mynd 13. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem þykir námið frekar eða mjög auðvelt.

Aftur á móti kemur annað fram hjá nemendum sem þykir námið frekar auðvelt. Þannig segja hlutfallslega fleiri stelpur í 5. – 7. bekk en strákar að þeim þyki námið frekar auðvelt.


Námið of þungt. 8. – 10. bekkur.

Hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða nær alltaf of þungt í efri bekkjum grunnskóla er hærra en meðal þeirra sem finnst það erfitt í yngri bekkjunum. Mynd 14 sýnir að tæpum fjórðungi nemenda í áttunda til tíunda bekk þykir námið oft eða nær alltaf of þungt og er hlutfall nemenda sem heldur þessu fram mismunandi eftir borgarhlutum. Til að mynda þykir 16-20% unglunga í borgarhluta I námið oft eða nær alltaf of þungt borið saman við um 23-27% unglunga í borgarhluta IV.



Mynd 14. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem þykir námið oft eða nær alltaf of þungt.

Þegar nemendur sem þykir námið oft eða nær alltaf of þungt í 8. - 10 bekk eru skoðaðir sést að tiltölulega mikill munur er á stráka og stelpum í áttunda bekk. Þannig telur rúmlega fjórðungur stráka í áttunda bekk námið oft eða nær alltaf vera of þungt borið saman við um 17% stelpna (sjá mynd 15).




Mynd 15. Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem þykir námið oft eða nær alltaf of þungt.

Eins og áður minnkar þessi kynjamunur með hækkandi aldri og á mynd 15 sést að munurinn er rétt sjáanlegur hjá nemendum tíundu bekkjar. Þar telja hlutfallslega fleiri stelpur (24%) en strákar (22%) að námið sé oft eða nær alltaf of þungt. Athyglisvert er að þróunin í þessu efni er ólík fyrir kynin. Eftir því sem stelpurnar verða eldri eru

þær líklegri til þess að þykja námið oft eða nær alltaf of þungt. Aftur á móti lækkar hlutfall stráka í þessum sporum með hækkandi aldri.


Mikilvægi náms. 8. – 10. bekkur.

Á mynd 16 kemur fram hlutfall nemenda í unglingadeild sem þykir námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt. Á myndinni sést að fæstir nemendur eru á þeirri skoðun og eru borgarhlutarnir nokkuð svipaðir í þessu sambandi. Reykjavíkurmeðaltalið nær frá 4% og upp í 6% þar sem hlutfallslega fleiri áttundu og níundu bekkingum en tíundu bekkingum finnst námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt. Þessar niðurstöður benda til þess að mikilvægi náms aukist með hækkandi aldri.



Mynd 16. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem þykir námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt.

Á mynd 17 kemur fram hlutfall stráka og stelpna sem telur námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt.



Mynd 17. Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem þykir námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt.

Eins og sjá má á myndinni er um nær helmings mun að ræða á hlutfalli stráka og stelpna sem telja námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt. Um 4% stelpna í unglingsdeildum telja námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt samanborið við um 7% stráka.


Líðan í skóla

Erlendar og innlendar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl vanlíðunar í skóla við slæma námsframvindu og neyslu á vímuefnum. Komið hefur fram að unglingar sem líður illa í skólanum og neyta vímuefna hafa almennt neikvæðari afstöðu til skólastarfsins (Free, 1993; Johnson, 1984; Kandel o. fl., 1978; Krohn o. fl., 1984, Þórólfur Þórlindsson o. fl. 1998). Þótt erfitt sé að sýna fram á orsakasamband hér á milli geta erfiðleikar í skóla átt rætur sínar að rekja til mismunandi þátta, svo sem vandræða heima fyrir, áhrifa félagahóps sem hafnar skólanámi eða námsörðugleika (Þóroddur Bjarnason o. fl., 2000).

Í þessum kafla er líðan nemenda innan skólans rædd og gerð grein fyrir niðurstöðum úr spurningum um líðan þeirra í kennslustundum og frímínútum.

Líðan í kennslustundum


Þegar líðan nemenda í kennslustundum er skoðuð, kemur í ljós að tiltölulega litlum hópi reykvískra grunnskólanema líður illa. Á mynd 18 má sjá hlutfall nemenda í 5. – 7. bekk sem segjast yfirleitt líða frekar eða mjög illa í kennslustundum.



Mynd 18. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast yfirleitt líða frekar eða mjög illa í kennslustundum.


Á mynd 18 kemur fram að á bilinu 4-11% nemenda í borgarhlutunum fjórum líður frekar eða mjög illa í kennslustundum. Hlutfallslega fleiri nemendur í borgarhluta IV er í þessum sporum en 8% fimmtu bekkinga, 11% sjöttu bekkinga og 9% sjöundu bekkinga á því svæði líður yfirleitt frekar eða mjög illa í kennslustundum. Þetta hlutfall er yfir Reykjavíkurmeðaltalinu þar sem slík vanlíðan á við um 6 – 7% nemendanna í heild.

Á mynd 19 má sjá líðan eldri nemenda í kennslustundum. Þar kemur fram að unglingar eru líklegri en yngri nemendur til þess að líða ekki vel í kennslustundum, en um 10-15% unglinga í 8. – 10. bekk í Reykjavík allri segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í kennslustundum. Mestan mun milli árganga er að finna í borgarhluta III. Þar segjast um 18% áttundu bekkinga sjaldan eða nær aldrei líða vel í kennslustundum, borið saman við um 13% níundu bekkinga og 7% tíundu bekkinga.




Mynd 19. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í kennslustundum.

Munur á líðan kynjanna í kennslustundum er töluverður. Á mynd 20 má sjá að hlutfallslega fleiri strákar en stelpur í fimmta til sjöunda bekk segjast líða frekar eða mjög illa í kennslustundum. Í sjötta bekk segjast yfir helmingi fleiri strákar (10%) en stelpur (4%) líða frekar eða mjög illa í kennslustundum.



Mynd 20. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem segjast líða frekar eða mjög illa í kennslustundum.

Kynjamunur á líðan eldri nemenda í kennslustundum er svipaður og hjá yngri nemendum, en þó ívið meiri. Mynd 21 lýsir þessu þannig að í öllum árgöngum unglिंगadeildarinnar er um það bil helmingi munur á líðan stráka og stelpna í kennslustundum, þar sem mun fleiri strákar en stelpur segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í kennslustundum.




Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í kennslustundum.

Í ljósi þess að kynjamunur virðist yfirleitt sveiflast svolítið eftir árgöngum (sbr. niðurstöður í fyrri myndum) er athyglisvert að í þessu samhengi er hann ætíð sá sami, eða rétt tæpur helmingur.

Vanlíðan nemenda í 5. – 7. bekk í kennslustundum

Þegar nemendur sem yfirleitt líður mjög illa í kennslustundum eru skoðaðir sérstaklega kemur í ljós að hlutfall þeirra er afar lágt. Á myndum 22 og 23 eru þessar niðurstöður sýndar, en þar kemur fram að á bilinu 2 – 3% stráka og um og undir 1% stelpna á miðstigi grunnskólanna líður yfirleitt mjög illa í kennslustundum.




Mynd 22. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem segjast yfirleitt líða mjög illa í kennslustundum.

Nemendahópurinn sem um ræðir er ekki stór en þó er vert að vekja athygli á því að 62 nemendur í 5. – 7. bekk í grunnskólum í Reykjavík segjast yfirleitt líða mjög illa í kennslustundum.

Vanlíðan nemenda í 8. – 10. bekk í kennslustundum

Á mynd 23 sést hlutfall stráka og stelpna í unglingadeild sem segjast nær aldrei líða vel í kennslustundum.




Mynd 23. Hlutfall stráka og stelpna í 8. – 10. bekk sem segjast nær aldrei líða vel í kennslustundum.

Eins og sjá má á myndinni eru stelpur ólíklegri en strákar til þess að líða nær aldrei vel í kennslustundum, en í níunda bekk er hlutfall stráka í þessum sporum sex sinnum hærra en hlutfall stelpna. Það er athyglisvert að hlutfall stráka í níunda bekk í borgarhluta IV (ekki skráð á mynd) er mun hærra (12%) en meðaltalið fyrir þennan árgang (6%). Til samanburðar má nefna að hlutfall stelpna í sama árgangi og sama borgarhluta og áðurnefndir strákar er hið sama og meðaltalið fyrir Reykjavík í heild eða um 1%. Þótt þessar prósentutölur séu lágar er vert að hafa í huga að af nemendum í 8. – 10. bekk í Reykjavík eru þeir 107 talsins sem segjast nær aldrei líða vel í kennslustundum.


Líðan í frímínútum

Þegar líðan nemenda í frímínútum er skoðuð kemur fram að ekki er algengt að nemendum grunnskólanna líði illa í frímínútum. Þannig kemur fram á mynd 24 að um 5% fimmtu bekkinga í Reykjavík í heild segjast líða frekar eða mjög illa í frímínútum borið saman við um 3% nemenda í sjötta bekk og um 4% nemenda í sjöunda bekk. Hjá nemendum unglingadeilda er enn minni munur á milli árganga en hjá yngri nemendum.




Mynd 24. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast líða frekar eða mjög illa í frímínútum.

Á mynd 25 sést að einn af hverjum tuttugu nemendum í unglingadeildum Reykjavíkur segist sjaldan eða nær aldrei líða vel í frímínútum. Aftur á móti er hlutfallið milli árganga unglingadeilda svolítið mismunandi eftir borgarhlutum. Í borgarhluta I og III er hlutfall áttundu bekkinga (7%) sem líður illa í frímínútum litlu yfir Reykjavíkurmeðaltalinu (5%) en í borgarhlutum II og IV kemur vart fram mismunur milli bekkja.




Mynd 25. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í frímínútum.

Á mynd 26 gefur að líta kynjamun nemenda í 5. – 7. bekk sem segjast líða frekar eða mjög illa í frímínútum. Í fimmta bekk segjast um 4% stráka líða frekar eða mjög illa í frímínútum, borið saman við um 7% stelpna. Í sjötta og sjöunda bekk er aftur á móti lítill sem enginn munur á hlut stráka og stelpna.



Mynd 26. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem segjast líða frekar eða mjög illa í frímínútum.

Eins og sést á mynd 27 kemur fram álíka lítill kynjamunur á líðan í frímínútum hjá nemendum í unglingadeildum og hjá yngri nemendum.



Mynd 27. Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem segjast líða sjaldan eða nær aldrei vel í frímínútum.

Þannig segjast um 4-6% stelpna í 8. – 10. bekk sjaldan eða nær aldrei líða vel í frímínútum samanborið við um 5-6% stráka.

Líður mjög illa eða nær aldrei vel í frímínútum

Ef skilið er á milli nemenda sem líður frekar illa í frímínútum annars vegar og mjög illa hins vegar kemur í ljós að afar fáir nemendur eru í síðarnefnda hópnum líkt og sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem segjast yfirleitt líða frekar illa í frímínútum annars vegar og mjög illa í frímínútum hins vegar.

	Frekar illa	Mjög illa
Strákar	2,8% (58)	0,8% (16)
Stelpur	4,1% (81)	0,6% (11)

Í töflunni kemur einnig fram að ekki er teljandi munur milli kynjanna hvað líðan í frímínútum varðar. Nemendur á miðstigi í Reykjavík sem segjast yfirleitt líða mjög illa í frímínútum eru alls 27 talsins. Svipaða sögu er að segja um eldri nemendurna. Í töflu 2 kemur fram jafnt hlutfall stráka og stelpna sem líður sjaldan (um 4%) eða nær aldrei vel (rúm 1%) í frímínútum. Alls segist um 41 nemandi í unglingadeildum nær aldrei líða vel í frímínútum.


Tafla 2. Hlutfall stráka og stelpna í 8. – 10. bekk sem segjast sjaldan líða vel í frímínútum annars vegar og nær aldrei vel hins vegar.

	Sjaldan vel	Nær aldrei vel
Strákar	3,9% (61)	1,3% (20)
Stelpur	3,5% (58)	1,3% (21)

Vanlíðan í skóla og mikilvægi náms

Hér verður vanlíðan í skóla rædd út frá mikilvægi námsins. Það skal áréttað að hér er einungis verið að ræða um 8. – 10. bekk og um vísbendingar um tengsl en ekki afdráttarlaust samband.

Á mynd 28 kemur fram að samband er á milli þess að þykja námið mikilvægt og að líða illa í skóla. Af nemendum í 8. – 10. bekk sem finnst námið oft eða nær alltaf mikilvægt líður um 5% oft eða nær alltaf illa í skólanum samanborið við um 19% nemenda sem telja námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt. Þannig má sjá að eftir því sem nemendur telja námið minna mikilvægt þeim mun líklegra er að þeim líði illa í skólanum.




Mynd 28. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem líður illa í skólanum eftir því hvort þeim finnst námið mikilvægt eða ekki.

Að vilja hætta í skólanum

Á mynd 29 sést hlutfall nemenda sem segjast oft eða nær alltaf vilja hætta í skólanum. Þannig kemur fram að meðal nemenda í 8. – 10. bekk í Reykjavík í heild


segjast hlutfallslega fleiri nemendur í áttunda bekk en eldri bekkjum vilja hætta í skólanum (14%).



Mynd 29. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vilja hætta í skólanum.

Töluverður munur er á milli borgarhlutanna að þessu leyti. Eins og sjá má segjast færri nemendur í borgarhlutum I og II oft eða nær alltaf vilja hætta í skólanum en nemendur í borgarhlutum III og IV.

Á mynd 30 kemur fram hlutfall stráka og stelpna sem segjast oft eða nær alltaf vilja hætta í skólanum. Um 15% stráka og um 10% stelpna segja slíkt eiga við um sig.




Mynd 30. Hlutfall stráka og stelpna í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vilja hætta í skólanum.

Þó hlutfallsmunur kynjanna breytist ekki mikið frá einum borgarhluta til annars, er heildarhlutfall nemenda sem þetta segja svolítið breytilegt. Þannig má sjá að um 12% stráka og um 7% stelpna segjast oft eða nær alltaf vilja hætta í skólanum í borgarhluta I, þar sem hlutfallið er lægst, borið saman við um 18% stráka og 10% stelpna í borgarhluta IV, þar sem hlutfallið er hæst.

Mikilvægi náms og löngun til að hætta í skóla

Á mynd 31 gefur að líta niðurstöður er lúta að mikilvægi náms og löngunar nemenda til að hætta í skólanum. Þar kemur fram að nemendur sem telja námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt eru mun líklegri en aðrir til að segjast vilja hætta í skólanum. Þannig segjast um 46% nemenda í 8. – 10. bekk, sem telja námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt, langa til þess að hætta í skólanum samanborið við um 8% þeirra sem telja námið oft eða nær alltaf mikilvægt.




Mynd 31. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf langa til að hætta í skólanum, eftir því hvort þeim finnst námið mikilvægt eða ekki.

Þessar niðurstöður má túlka sem svo að nemendur sem telja námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt eru nær sex sinnum líklegri en þeir sem telja námið oft eða nær alltaf mikilvægt til þess að langa til að hætta í skólanum.


Kvíði í skóla

Á mynd 32 kemur fram hlutfall nemenda á miðstigi grunnskólanna sem segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum. Hlutfall nemenda sem þannig er ástatt fyrir fer aldrei yfir 10% nema í fimmta bekk í borgarhluta III (11%) og sjötta bekk í borgarhluta IV. Hlutfallslega fleiri nemendur í borgarhluta IV en annars staðar segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum. Þar finna um 8% fimmtu bekkinga og um 11% sjöttu og 10% sjöundu bekkinga oft eða mjög oft fyrir kvíða í skólanum.




Mynd 32. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum.

Fleiri nemendur í eldri bekkjum segjast oft eða nær alltaf finna fyrir kvíða í skólanum en í yngri bekkjum. Á mynd 33 er þessu lýst. Þar má einnig sjá að nemendur í borgarhluta III eru aðeins líklegri en nemendur í hinum borgarhlutunum til þess að segjast finna oft eða nær alltaf fyrir kvíða í skólanum.



Mynd 33. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf finna fyrir kvíða í skólanum.

Þegar kvíði í skólanum er skoðaður eftir kynferði nemenda kemur í ljós að um lítinn mun er að ræða meðal nemenda í yngri bekkjunum. Eins og kemur fram á mynd 34 eru stelpur í 5. – 7. bekk örlítið líklegri en strákar til þess að segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum (8% á móti 6%). Borgarhluti IV sker sig úr hvað þetta varðar en hlutfall stráka og stelpna sem segjast finna fyrir kvíða í skólanum þar er jafn hátt (9%).




Mynd 34. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 7. bekk sem segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum.

Þessu er öðruvísi farið í unglingadeildum. Þar kemur enginn kynjamunur fram en um 9% unglinga í Reykjavík segjast finna fyrir kvíða í skólanum.

Finna mjög oft fyrir kvíða

Ef nemendur sem finna mjög oft fyrir kvíða í skólanum eru skoðaðir sérstaklega kemur í ljós að hlutfall þeirra af heildarfjölda nemenda er á bilinu 2-5%. Þó ekki sé um mikinn mun að ræða á hlutfalli stráka og stelpna í þessu sambandi þá sveiflast hlutfall stelpna meira milli árganga en hlutfall stráka (sjá mynd 35).




Mynd 35. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 10. bekk sem segjast mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum.

Vert er að benda á að í þessum hópi eru 231 nemendur í 5. – 10. bekk í Reykjavík sem finna mjög oft fyrir kvíða í skólanum.


Kvíði í skóla og erfiðleikar í námi

Hér á eftir er rætt um kvíða í skóla út frá því hvort nemendum þykir námið auðvelt eða erfitt. Á mynd 36 kemur fram samband á milli fyrrnefndra þátta. Af nemendum í 5. – 7. bekk sem þykir námið yfirleitt frekar eða mjög erfitt segjast um 16% finna frekar eða mjög oft fyrir kvíða í skólanum. Þannig eru nemendur sem þykir námið yfirleitt frekar eða mjög erfitt fjórum sinnum líklegri (16%) til þess að segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum en þeir sem finnast námið frekar eða mjög auðvelt (4%).



Mynd 36. Hlutfall nemenda í 5. –7. bekk sem segjast oft eða mjög oft finna fyrir kvíða í skólanum, eftir því hvort þeim þykir námið yfirleitt auðvelt eða erfitt.

Svipaða sögu er að segja um nemendur unglिंगadeilda. Á mynd 37 sést að hlutfall nemenda sem þykir námið oft eða nær alltaf of þungt og segjast oft eða nær alltaf finna fyrir kvíða í skólanum er hærra (22%) en kemur fram hjá yngri nemendunum (16%).




Mynd 37. Hlutfall nemenda í 8. – 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf finna fyrir kvíða í skólanum, eftir því hvort þeim þykir námið oft eða nær alltaf of þungt.

Samræður við foreldra um líðan

Á mynd 38 kemur fram hlutfall þeirra nemenda sem segjast tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður, þrisvar sinnum í viku eða oftar. Á bilinu 23-28% nemenda á miðstigi grunnskólanna í Reykjavík segjast ræða við foreldra um líðan sína þetta oft, hlutfallslega fæstir í sjöunda bekk. Mestan mun er að finna á milli árganga


innan borgarhluta I. Þar eru nemendur í fimmta bekk líklegastir (35%) til þess að tala við foreldra sína um líðan þetta oft og nemendur í sjöunda bekk (18%) ólíklegastir. Þannig má sjá að hlutfall nemenda sem ræðir við foreldra um líðan sína í borgarhluta I lækkar með hækkandi aldri.



Mynd 38. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður þrisvar sinnum í viku eða oftar.


Svipaða sögu er að segja um eldri nemendur grunnskólanna. Á mynd 39 má sjá hlutfall áttundu, níundu og tíundu bekkinga sem segjast tala við foreldra sína um líðan sína þrisvar sinnum í viku eða oftar.

Nemendur unglíngadeilda eru örlítið líklegri en yngri nemendur til þess að ræða við foreldra um líðan sína þrisvar sinnum í viku eða oftar. Í Reykjavík allri á þetta við um þriðjung nemenda í efstu bekkjum grunnskóla borið saman við um 23% – 28% nemenda á miðstigi. Hlutfallslega fleiri nemendur (33% – 40%) í borgarhluta I en annars staðar ræða við foreldra um líðan sína þrisvar sinnum í viku eða oftar.



Mynd 39. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður þrisvar sinnum í viku eða oftar.

Verulegur munur er á hlutfalli stráka og stelpna í þessu efni. Á mynd 40 kemur fram að stelpur eru langtum líklegri en strákar til þess að ræða svo oft við foreldra um líðan sína, en meðal stráka sveiflast hlutfallið óreglulegar milli árganga.




Mynd 40. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 10. bekk sem segjast tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður þrisvar sinnum í viku eða oftar.

Á myndinni má sjá að hátt í helmingi fleiri stelpur en strákar tala við foreldra um líðan sína þrisvar sinnum í viku eða oftar, sérstaklega í efri bekkjum grunnskólanna. Einnig má sjá að eldri stelpurnar eru líklegri en þær yngri til þess að ræða við foreldra um líðan sína.

Samræður við foreldra og löngun til að hætta í skóla

Íslenskar rannsóknir hafa bent á mikilvægi fjölskyldunnar í uppeldi barna og unglunga (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998). Komið hefur fram að tengsl unglunga við foreldra, þ.á. m. reglulegar samræður um líðan, draga verulega úr líkum á því að unglingar leiðist út í áhættuhegðun eins og til dæmis neyslu vímuefna. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á mikilvægi fjölskyldunnar í tengslum við námsframvindu barna og unglunga (sjá meðal annars Þórólf Þórlindsson o. fl., 1998). Á mynd 41 kemur fram að unglingar sem ræða næstum aldrei við foreldra sína eru líklegri en aðrir unglingar til þess að telja námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt, líða oft eða nær alltaf illa í skólanum og eru jafnframt líklegri til þess að langa oft eða nær alltaf til að hætta í skólanum.



Mynd 41. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem finnst námið sjaldan eða nær aldrei mikilvægt, líður oft eða nær alltaf illa í skólanum og langar oft eða nær alltaf til að hætta í skólanum, eftir því hversu oft þeir tala við foreldra sína um það hvernig þeim líður.

Þessi tengsl eru hvað sterkust hjá nemendum sem langar oft eða nær alltaf til að hætta í skólanum. Af nemendum sem tala næstum aldrei við foreldra um líðan sína segjast um 20% langa oft eða nær alltaf til að hætta í skólanum, samanborið við að úr


hópi þeirra sem tala við foreldra þrisvar sinnum í viku eða oftar langar um 8% til að hætta í skólanum.

Skólafélagarnir

Þegar nemendur eru spurðir að því hvort þeir séu vinamargir eða vinfáir í skólanum bendir flest til þess að hlutfall vinfárra grunnskólanema sé ekki hátt.

Vinir í skólanum


Mynd 42 sýnir hlutfall nemenda í fimmta, sjötta og sjöunda bekk sem segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum. Að borgarhluta I undaskildum er útkoman svipuð fyrir alla árgangana í borgarhlutum Reykjavíkur. Í heild segjast um og innan við 10% nemenda í 5., 6. og 7. bekk eiga fáa eða enga vini í skólanum.



Mynd 42. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum.

Mynd 43 sýnir svipaða niðurstöðu um eldri nemendur grunnskólanna. Þar kemur fram að hlutfall nemenda sem segjast eiga fáa eða enga vini er örlítið lægra í unglingsdeildum (7%) en á miðstigi grunnskólanna (8-10%). Munurinn er þó afar lítill. Hlutfallslega fleiri nemendur í tíunda bekk í borgarhluta II segjast eiga fáa eða enga vini en nemendur annars staðar. Til samanburðar má geta þess að einungis 2%

tíundu bekkina í borgarhluta I eru í þessum sporum en það hlutfall er langt undir Reykjavíkurmeðaltalinu (7%).



Mynd 43. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum.


Ekki er mikill munur milli kynjanna í þessu efni, en þó eru stelpur yfirleitt örlítið líklegri til þess að eiga marga vini í skólanum (ekki sýnt á mynd). Í Reykjavík í heild kemur ekki fram munur milli stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum. Í unglingsdeildinni er svipaða sögu að segja. Um og yfir 7% stráka og stelpna í áttunda og níunda bekk segjast eiga fáa eða enga vini. Þegar komið er í tíunda bekk eykst kynjamunurinn töluvert en þar eru stelpur (um 8%) líklegri en strákar (um 5%) til þess að segjast eiga fáa eða enga vini.

Þrátt fyrir að fimmtu bekkjum virðist líða betur í skólanum (samanber niðurstöður í myndunum hér að framan) en nemendum í sjötta til áttunda bekk eru fimmtu bekkjar líklegri en þeir síðarnefndu til þess að segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum.

Samskipti krakkanna í bekknum


Hér verður fjallað um almenna líðan í bekknum, það er að segja hvernig nemendum líður innan um bekkjarfélaga sína, hvort krakkarnir í bekknum séu góðir vinir og hvort nemendur þori „að vera þeir sjálfir“ innan um bekkjarfélaga sína.

Á myndum 44 og 45 kemur fram hlutfall nemenda sem telja krakkana í bekknum vera góða vini, en meirihluti nemenda virðist vera á þeirri skoðun (um 80%).



Mynd 44. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að krakkarnir í bekknum séu góðir vinir.

Ekki er um mikinn mun að ræða milli yngri bekkja í borgarhlutunum en munur kemur fram á árgöngum í efri bekkjum grunnskólanna. Eins og mynd 45 leiðir í ljós eru tíundu bekkingar í Reykjavík í heild (82%) að meðaltali líklegri en nemendur í áttunda (79%) og níunda (76%) bekk til þess að telja krakkana í bekknum vera góða vini. Þegar á heildina er litið er hlutfall nemenda sem eru sammála því að krakkarnir í bekknum séu góðir vinir lægst meðal nemenda í níunda bekk.




Mynd 45. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að krakkarnir í bekknum séu góðir vinir.

Ekki kemur fram teljanlegur munur á viðhorfi stráka og stelpna í þessu efni að undanskildum nemendum níunda bekkjar. Um 80% stráka í þeim árgangi telja krakkana í bekknum vera góða vini borið saman við um 72% stelpna.

Maður þorir að „vera maður sjálfur“


Á myndum 46 og 47 kemur fram hlutfall nemenda sem eru frekar eða mjög sammála því að í bekknum þori nemendur að „vera þeir sjálfir“.



Mynd 46. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að í bekknum þeirra sé þorandi að „vera maður sjálfur“.

Á mynd 46 sést að svipað hlutfall nemenda á miðstigi grunnskólanna í öllum borgarhlutum eru frekar eða mjög sammála því að í bekknum þeirra sé þorandi að „vera maður sjálfur“. Í Reykjavík í heild á þetta við um 80-85% nemenda í 5. – 7. bekk. Þó lækkar hlutfall nemenda sem eru á þessari skoðun dálítið með hækkandi aldri.

Hjá nemendum unglíngadeilda snýst þetta við (sjá mynd 47). Þar fer hlutfall nemenda sem segja að það sé þorandi að „vera maður sjálfur“ innan bekkjarins hækkandi með hærri aldri. Þannig eru 77% áttundu bekkinga, 79% níundu bekkinga og 84% tíundu bekkinga á þessari skoðun.



Mynd 47. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem eru frekar eða mjög sammála því að í bekknum þeirra sé þorandi að „vera maður sjálfur“.

Ekki er um mikinn mun að ræða á hlutfalli stráka og stelpna sem segjast frekar eða mjög sammála því að í bekknum þeirra sé þorandi að „vera maður sjálfur“, hvort sem um borgarhluta eða árganga er að ræða. Að meðaltali segja um 86% stráka á miðstigi grunnskólanna að það sé þorandi að „vera maður sjálfur“ innan bekkja borið saman við um 78% stelpna. Svipaða sögu er að segja um unglíngadeildirnar. Þar kemur fram um 6% munur á hlutfalli kynjanna í þessu efni en um 83% stráka og um 77%


stelpna eru á þessari skoðun. Þannig eru strákar frekar en stelpur á þeirri skoðun að í bekknum þeirra sé þorandi að „vera maður sjálfur“.

Stríðni

Stríðni í skólanum

Í þessum kafla verður fjallað um stríðni í skóla, niðurstöður um það hversu oft nemendum er strítt sem og hversu oft einhver sé tekinn fyrir innan bekkjarins og lagður í einelti.

Á mynd 48 má sjá hlutfall nemenda sem segjast oft eða mjög oft verða fyrir stríðni í skólanum. Eins og myndin ber með sér er nokkur munur á árgöngum innan borgarhluta þegar stríðni er annars vegar.




Mynd 48. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segjast oft eða mjög oft vera strítt í skólanum.

Hlutfallslega færri nemendur segjast oft eða mjög oft verða fyrir stríðni í borgarhluta I en annars staðar. Þar verða um 3% fimmtu og sjöundu bekkinga fyrir stríðni og um 5% sjöttu bekkinga, en hlutfallið fyrir fimmta bekk er töluvert undir Reykjavíkurméðaltalinu (9%). Að borgarhluta I undanskildum breytist hlutfall stríðninnar mikið eftir árgöngum. Hlutfallslega flestir nemendur sem verða á annað borð fyrir stríðni í skólanum eru í fimmta bekk og virðist fórnarlömbum stríðninnar

fækka með hækkandi aldri, að borgarhluta IV undanskildum, þar sem hlutfallslega fleiri nemendur verða fyrir stríðni í sjöunda bekk en sjötta bekk.


Í unglíngadeildum er þessu öðruvísi farið. Stríðnin fer að vísu minnkandi með hærri aldri nemenda en ólíkt því sem kemur fram á miðstigi grunnskólanna er ekki mikinn mun að finna á stríðni í 8., 9. og 10. bekk eftir borgarhlutum eða árgöngum að borgarhluta I undanskildum (sjá mynd 49).



Mynd 49. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera strítt í skólanum.

Þar skera nemendur í áttunda bekk sig úr með hærri hlutfall nemenda (7%) sem segjast oft eða nær alltaf vera strítt í skólanum. Það vekur athygli að þessu er öfugt farið meðal nemenda í 5. – 7. bekk í borgarhluta I.

Nokkurn kynjamun er að finna þegar þolendur stríðni eru athugaðir nánar, þá sérstaklega hjá nemendum sjötta, áttunda og níunda bekkjar. Þar kemur fram að yfir helmingi fleiri strákar en stelpur verða fyrir stríðni. Á mynd 50 kemur þetta fram.




Mynd 50. Hlutfall stráka og stelpna í 5. - 10. bekk sem segja að þeim sé oft eða mjög oft strítt í skólanum.

Aftur á móti er kynjamunurinn hvað minnstur hjá nemendum fimmta bekkjar og tíunda bekkjar en þar kemur fram óverulegur munur á hlutfalli stráka og stelpna sem verða fyrir stríðni.


Einelti í bekknum

Um fjórðungur nemenda í 5. – 7. bekk í Reykjavík segir það einkennandi fyrir bekkinn sinn að oft sé verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti. Á mynd 51 sést að hlutfall nemenda, sem telja að oft sé verið að taka einhvern fyrir innan bekkjarins og leggja í einelti, er nokkuð svipað eftir borgarhlutum. Borgarhluti I er þó ólíkur hinum borgarhlutum að þessu leyti, þar sem næstum því sama hlutfall nemenda er á þessari skoðun í öllum þremur bekkjunum eða um 16-19%. Þetta hlutfall er einnig töluvert lægra en annars staðar, en Reykjavíkurmeðaltalið liggur á bilinu 20-27%.




Mynd 51. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segja það einkennandi fyrir bekkinn sinn að það sé oft verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti.

Hjá nemendum í eldri bekkjum grunnskólanna er aftur á móti um nær sama mynstur að ræða í öllum borgarhlutunum, en hlutfallslega flestir nemendur á þessari skoðun eru í áttunda bekk og hlutfallslega fæstir í tíunda bekk. Þannig virðist einelti nokkuð algengara í áttunda bekk grunnskólanna en efri bekkjunum.



Mynd 52. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segja það einkennandi fyrir bekkinn sinn að það sé oft verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti.

Á mynd 52 sést að áttundu bekkingar í borgarhluta IV skera sig úr hvað þetta varðar en 31% áttundu bekkinga þar segja að það sé oft verið að taka einhvern fyrir innan bekkjarins og leggja í einelti borið saman við um 19-22% í áttunda bekk í hinum borgarhlutunum.




Mynd 53. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 10. bekk sem segja það einkennandi fyrir bekkinn sinn að það sé oft verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti.

Ekki er um mikinn kynjamun að ræða á hlutfalli þeirra sem segjast frekar eða mjög sammála því að innan bekkjarins sé oft verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti. Á mynd 53 kemur fram að strákar eru þó almennt örlítið líklegri en stelpur til þess að vera á þessari skoðun.

Stríðni og löngun til að hætta í skóla

Þegar stríðni er skoðuð út frá löngun nemenda til þess að hætta í skóla kemur í ljós að löngun til þess að hætta í skólanum eykst jafnt og þétt eftir því hversu oft nemendum er strítt.



Mynd 54. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf langa til að hætta í skólanum eftir því hvort þeim er strítt í skólanum eða ekki.

Þannig má sjá á mynd 54 að um helming þeirra nemenda, sem er oft eða nær alltaf strítt í skólanum, langar oft eða nær alltaf til þess að hætta í skólanum. Nemendur sem segjast búa við nær stöðuga stríðni eru rúmlega helmingi líklegri til þess að vilja hætta í skólanum en þeir sem stundum er strítt, en um 23% þess hóps langar oft eða nær alltaf til þess að hætta í skóla.

Kynjamunur í skólastarfi

Eins og kom fram í inngangsorðum þessa kafla hafa rannsóknir á kynjamun í skólastarfi leitt í ljós að líðan nemenda í skóla og viðhorf til skólastarfsins ræðst nokkuð af kynferði (Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999). Niðurstöðurnar hér renna stöðum undir þetta en strákar í grunnskólum Reykjavíkur eru almennt líklegri en stelpur til þess að líða illa í kennslustundum, finnast námið of þungt og að vilja hætta í skólanum. Ennfremur virðast stelpur hafa jákvæðari viðhorf í garð skólans en strákar. Á myndum 3 og 4 til dæmis kemur fram að hlutfallslega fleiri stelpum en strákum þykir skólinn sinn vera frekar eða mjög góður og telja samskipti fullorðinna og nemenda innan skólans vera góð. Þó vekur athygli að þessi kynjamunur minnkar oft með hækkandi aldri. Til dæmis eru strákar líklegri en stelpur til þess að þykja námið of þungt allt þar til komið er í tíunda bekk en þá eru stelpur heldur líklegri en strákar til þess að finnast námið oft eða nær alltaf of þungt (sjá mynd 15). Jafnframt er vert að benda á að þó stelpum líði alla jafna betur í skólanum en strákum gefa niðurstöður til kynna að þær séu nánast jafnlíklegar og strákar til þess að líða frekar eða mjög oft illa í frímínútum og til að finna mjög oft fyrir kvíða í skólanum.

Íþróttir og tómstundir

Í þessum kafla verður dregin upp mynd af íþróttá- og tómstundaiðkun nemenda í fimmta til áttunda bekk grunnskóla í Reykjavík. Í íslenskum æskulýðsrannsóknum hefur íþróttá- og tómstundaiðkun íslenskra barna og unglunga gjarnan verið lýst á tvennan hátt: Í fyrsta lagi er um að ræða skipulagt starf á vegum opinberra aðila og félagsamtaka þar á meðal skóla, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, trúarhópa og skáta. Í öðru lagi nota börn og unglingar frítíma sinn til iðkunar ýmissa tilfallandi hugðarefna sem standa fyrir utan svokallað skipulagt tómstundastarf. Þar má meðal annars nefna lestur bóka, ástundun tölvuleikja, notkun hjóla- og hlaupabretta, líkamsrækt sem og iðkun skíða- og skautaiþróttá (Þórólfur Þórlindsson o. fl. , 2000). Þessi rannsókn, á íþróttá- og tómstundaiðkun barna og unglunga í 5. – 8. bekk grunnskóla Reykjavíkur, er fyrsta skrefið að framhaldi viðamikilla rannsókna sem unnar hafa verið á undanförunum árum meðal unglunga (sjá meðal annars *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga, 2000*; *Um gildi íþróttá fyrir íslensk ungmenni, 1994*; *Tómstundir íslenskra ungmenna, 1992*. Markmið könnunarinnar *Grunnskólanemar 2001* er að víkka út þennan sjóndeildarhring með því að bæta við rannsóknum meðal nemenda fimmta til áttunda bekkja grunnskólanna í Reykjavík. Þannig er markmiðið að fá enn heildstæðari mynd af íþróttá- og tómstundaiðkun reykvískra ungmenna allt frá fimmta bekk barnaskóla og fram að síðasta ári unglungadeilda. Þá er ætlunin er að bera saman þessar niðurstöður við sambærilegar niðurstöður fyrir níunda og tíunda bekk árin 1992, 1997 og 2000, þar sem við á.


Rétt er að benda á að ekki er hefð fyrir því á Íslandi að jafn ung skólabörn og hér um ræðir taki þátt í ítarlegum rannsóknum sem þessari. Þar af leiðandi eru upplýsingar um hegðun þeirra, líðan og hugarfar af tiltölulega skornum skammti. Til

að koma í veg fyrir að yngri skólabörnin myndu misskilja spurningalistana var reynt eftir megni að útbúa lista þeirra (5. – 7. bekk) á eins einfaldan og hnitmiðaðan hátt og hægt var.

Ungt fólk 1992 og 1997

Iðkun íþróttta hefur almennt farið vaxandi frá árinu 1992. Niðurstöður rannsókna Ungt fólk 1992 og 1997 sýna að hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunduðu íþróttir með íþróttafélagi tvisvar sinnum í viku eða oftar fór úr 45% árið 1992 og upp í 54% árið 1997. Svipaða sögu er að segja um nemendur í 9. og 10. bekk (Þórólfur Þórlindsson o. fl. 2000, bls. 91).

Hins vegar hafa litlar sem engar breytingar orðið á félags- og tómsundastarfi nemenda í 9. og 10. bekk milli árana 1992 og 1997 að tómsunda- og klúbbastarfi í skóla undanskildu. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tómsundastarf í skóla lækkaði úr 37% 1992 og niður í 14% 1997 (Þórólfur Þórlindsson o. fl. 2000, bls. 23). Einnig benda niðurstöður til þess að þáttökumynstur nemenda í félagsstarfi innan félagsmiðstöðvanna sé ólíkt eftir kyni. Þannig var þátttaka stelpna í tíunda bekk minni en stelpna í níunda bekk.



Mynd 55. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem tók þátt í skipulögðu félagsstarfi mánaðarlega eða oftar, samanburður milli árana 1992 og 1997.

Aðra sögu er að segja um stráka en í tíunda bekk virtust þeir almennt virkari í starfi félagsmiðstöðva en strákar í níunda bekk. (Þórólfur Þórlindsson; 2000, bls. 24).


Almenn íþróttaiðkun

Í þessum kafla verður almennri íþróttaiðkun² nemenda í fimmta til áttunda bekk grunnskóla í Reykjavík gerð skil. Eins og komið hefur fram er þetta í fyrsta sinn sem slík rannsókn er gerð meðal íslenskra barna og unglinga í 5. - 7. bekk grunnskóla. Því er athyglisvert að bera saman íþróttaiðkun yngri nemenda við íþróttaiðkun eldri nemenda.

Boltaíþróttir

Með boltaíþróttum er átt við samsafn boltaíþróttar, eins og til dæmis fótbolta, handbolta, körfubolta og blaks. Niðurstöður sýna að iðkun boltaíþróttar er tiltölulega algeng meðal nemenda 5. – 8. bekkja í grunnskólum Reykjavíkur.

Á mynd 56 kemur fram hlutfall nemenda sem stunda boltaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar.



Mynd 56. Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda boltaíþróttir (fótbolta, handbolta, körfubolta eða blak) 3 sinnum í viku eða oftar.

² Almenn íþróttaiðkun er skilgreind sem ástundun allra íþróttar burt séð frá því hvort þær eru stundaðar á einstaklingsgrundvelli, með íþróttafélögum eða í skólum.

Eins og sést á myndinni er heildarhlutfall nemenda í boltaíþróttum nokkuð svipað eftir borgarhlutum. Aftur á móti kemur fram töluverður árgangamunur eftir svæðum borgarinnar, sérstaklega í borgarhlutum I og IV. Þannig má sjá að 28% áttundu bekkinga í borgarhluta I og IV stunda boltaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftari borið saman við um 43% og 42% nemenda í sjöunda bekk. Í borgarhluta II aftur á móti kemur varla fram munur á iðkun boltaíþróttar milli árganga, en á bilinu 34-37% nemenda í fimmta til áttunda bekk þar stunda boltaíþróttir.

Munurinn á hlutfalli kynjanna í ástundun boltaíþróttar fer hækkandi eftir því hversu oft þær eru stundaðar. Til að mynda leiðir tafla 3 í ljós að hlutfallslegur munur á iðkun boltaíþróttar nokkrum sinnum í mánuði til tvisvar í viku milli kynja er töluverður en þó ekki jafn mikill og kemur fram hjá stráku og stelpum sem stunda boltaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftari (sjá töflu 4).

Tafla 3. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda boltaíþróttir á bilinu nokkrum sinnum í mánuði til 2 sinnum í viku.

	Borgarhluti I		Borgarhluti II		Borgarhluti III		Borgarhluti IV		Reykjavík	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	20%	21%	16%	28%	17%	23%	18%	23%	18%	24%
6. bekkur	16%	23%	21%	25%	17%	19%	15%	26%	18%	23%
7. bekkur	14%	24%	29%	28%	23%	26%	16%	18%	21%	25%
8. bekkur	42%	33%	33%	39%	34%	42%	38%	45%	36%	40%


Þannig kemur fram í töflunni að á bilinu 18-36% stráka í Reykjavík stunda boltaíþróttir þetta oft borið saman við um 23-40% stelpna. Hins vegar kemur athyglisverð niðurstaða í ljós þegar hlutfall stelpna og stráka sem stunda boltaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftari er skoðað. Þannig má sjá í töflu 4 að kynjamunurinn margfaldast hjá nemendum í 5. – 8. bekk sem stunda boltaíþróttir þetta oft, sérstaklega í borgarhluta IV.

Tafla 4. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda boltaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftár.

	Borgarhluti I		Borgarhluti II		Borgarhluti III		Borgarhluti IV		Reykjavík	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	52%	28%	50%	19%	51%	29%	50%	17%	50%	23%
6. bekkur	51%	25%	48%	22%	55%	30%	59%	25%	54%	26%
7. bekkur	53%	31%	45%	29%	54%	28%	56%	20%	52%	28%
8. bekkur	42%	17%	51%	23%	48%	21%	49%	11%	49%	19%

Fimleikar

Á mynd 57 sést hlutfall grunnskólanema sem stunda fimleika þrisvar sinnum í viku eða oftár. Þegar iðkun fimleika er athuguð kemur í ljós að töliverður munur er á þátttöku nemenda eftir árgöngum. Þannig kemur fram að um 3% áttundu bekkinga í Reykjavík stunda fimleika þrisvar sinnum í viku eða oftár borið saman við um helmingi fleiri fimmtu bekkinga. Í borgarhluta I er að finna enn meiri mun á milli árganga en 7% fimmtu bekkinga og 8% sjöundu bekkinga í þeim borgarhluta stunda fimleika þetta oft í viku borið saman við mun lægra hlutfall áttundu bekkinga (1%) og sjöttu bekkinga (3%).



Mynd 57. Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda fimleika 3 sinnum í viku eða oftár.

Um helmingi fleiri stelpur en strákar í 5. – 8. bekk stunda fimleika þrisvar sinnum í viku eða oftár. Í töflu 5 sést að á bilinu 1-5% stráka og 5-8% stelpna í Reykjavík stunda fimleika þetta oft í viku. Hins vegar er ástundunin nokkuð breytileg eftir árgöngum og borgarhlutum.


Tafla 5. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk í Reykjavík sem stunda fimleika þrisvar sinnum í viku eða oftár.

	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	6%	8%	5%	4%	4%	15%	4%	6%	5%	8%
6. bekkur	1%	5%	5%	8%	3%	8%	4%	11%	4%	8%
7. bekkur	2%	16%	4%	5%	3%	6%	3%	5%	3%	7%
8. bekkur	0%	2%	2%	4%	2%	8%	0%	4%	1%	5%

Sérstaklega athyglisverður er hinn mikli munur á hlutfalli stráka og stelpna í sjöunda bekk í borgarhluta I og fimmta bekk í borgarhluta III. Í fyrrnefnda borgarhlutanum til dæmis, stunda einungis um 2% stráka í sjöunda bekk fimleika þrisvar sinnum í viku eða oftár borið saman við um 16% stelpna.

Frjálsar íþróttir og hlaup

Hér eru niðurstöður yfir iðkun frjálsra íþróttá og hlaupa skoðuð. Í þessari rannsókn er miðað við hlaup í víðum skilningi, það er að segja að bæði er miðað við hlaup með íþróttafélögum sem og hlaup úti á víðavangi. Mynd 58 sýnir hlutfall grunnskólanema í Reykjavík sem stunda frjálsar íþróttir og hlaup þrisvar sinnum í viku eða oftár.



Mynd 58. Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda frjálssar íþróttir og hlaup 3 sinnum í viku eða oftar.

Ekki munar miklu á ástundun þessara íþróttar eftir aldri. Þannig má sjá að á bilinu 11-13% nemenda í Reykjavík stunda þessar íþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar. Þó leiðir mynd 58 í ljós að iðkunin milli aldurshópa er nokkuð breytileg innan borgarhluta I og II. Í fyrrnefnda borgarhlutanum til dæmis er um helming munur á nemendum fimmta bekkjar (15%) og nemendum sjöunda bekkjar (7%) í iðkun frjálssra íþróttar og hlaupa.

Tafla 6. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda frjálssar íþróttir eða hlaup þrisvar sinnum í viku eða oftar.


	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	12%	18%	9%	9%	12%	12%	11%	9%	11%	11%
6. bekkur	11%	12%	15%	12%	15%	15%	11%	9%	13%	12%
7. bekkur	6%	8%	15%	17%	10%	12%	13%	11%	11%	13%
8. bekkur	18%	12%	13%	11%	15%	10%	11%	12%	14%	11%

Það veur athygli að ekki er um mikinn kynjamun að ræða í iðkun frjálssra íþróttar og hlaupa í borginni í Reykjavík í heild. Tafla 6 sýnir að nánast jafnt hlutfall stráka og stelpna í grunnskólum í Reykjavík stunda frjálssar íþróttir og hlaup þrisvar sinnum í viku eða oftar. Þó aðra sögu sé að segja um fimmtu og áttundu bekkina í borgarhluta

I má draga þá ályktun að frjálssar íþróttir og hlaup séu almennt ekki eins kynjaskiptar íþróttir og boltaíþróttir og fimleikar (sjá sérstaklega töflur 4 og 5).

Iðkun sunds

Sundiðkun grunnskólanema í Reykjavík virðist vera meiri en margra annarra íþróttar. Þó kemur fram verulegur munur á iðkun sunds þrisvar sinnum í viku eða oftar eftir árgöngum. Á mynd 59 kemur fram að fimmtu bekkingar eru hlutfallslega líklegastir til þess að stunda íþróttina þetta oft í viku en í Reykjavík í heild á þetta við um 24% nemenda í fimmta bekk en einungis 8% nemenda í áttunda bekk³. Þó er þessi árgangamunur töluvert minni í borgarhluta I en annars staðar. Í borgarhlutum II, III og IV má sjá að sundferðir skólabarna minnka verulega með hækkandi aldri og þegar komið er í áttunda bekk er ástundunin orðin afar lítil. Helsta undantekningin frá þessu eru nemendur áttunda bekkjar í borgarhluta I en herra hlutfall þeirra iðka sund reglulega.



Mynd 59. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem fara í sund og hlutfall nemenda í 8. bekk sem iðka sund, 3 sinnum í viku eða oftar.

³ Hér er vert að hafa í huga um mismunandi orðalag er að ræða fyrir nemendur á miðstigi annars vegar og efra stigi hins vegar. Nemendur í 5. – 7. bekk voru spurðir hvort þeir *færu* í sund á kvarðanum næstum aldrei til fjórum sinnum í viku eða oftar en nemendur í 8. bekk hvort þeir *stundi* sund á kvarðanum nær aldrei til fjórum sinnum í viku eða oftar. Þótt kvarði spurningarinnar sé eins fyrir báða aldurshópana þá er vert að hafa fyrirvara á þessum samanburði. Þó gefa niðurstöðurnar ákveðna vísbendingu um sundiðkun og/eða fjölda sundferða nemenda.


Ekki er um ýkja mikinn mun að ræða á sundferðum stráka og stelpna. Tafla 7 leiðir í ljós að á bilinu 10-22% stráka og 7-26% stelpna í Reykjavík stunda íþróttina þrisvar í viku eða oftar. Þó ekki muni miklu á borgarhlutum í þessu sambandi er hægt að sjá í töflunni að í borgarhlutum I og II er hlutfallslega minni munur á sundferðunum stráka og stelpna en í hinum borgarhlutum. Undantekningin frá þessu eru þó nemendur sjöunda bekkjar í borgarhluta I en þar er þrefaldur munur á sundferðum stráka (9%) og stelpna (29%)

Tafla 7. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem fara í sund og hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda sund, þrisvar sinnum í viku eða oftar.

	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	20%	21%	20%	22%	27%	33%	20%	27%	22%	26%
6. bekkur	21%	13%	18%	15%	19%	27%	20%	27%	19%	21%
7. bekkur	9%	29%	12%	16%	14%	23%	12%	14%	12%	20%
8. bekkur	15%	10%	6%	6%	12%	6%	8%	5%	10%	7%

Skíða- og skautaiþróttir

Þegar iðkun vetrariþróttanna svo sem skíða- og skautaiðkun er skoðuð kemur í ljós að enginn hlutfallsmunur er á ástundun íþróttanna eftir aldri. Mynd 60 sýnir að um 11% nemenda í 5., 6., 7. og 8. bekk grunnskóla í Reykjavík iðka íþróttirnar þrisvar sinnum í viku eða oftar. Hins vegar er iðkunin mismunandi eftir borgarhlutum. Þannig má sjá að um 16% fimmtu bekkinga á móti 5% áttundu bekkinga í borgarhluta I stunda íþróttirnar þetta oft. Í borgarhluta III er þessu öfugt farið en þar eru fimmtu bekkingar síður líklegir (10%) en nemendur í öðrum árgöngum til þess að stunda skíða- og skautaiþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar.



Mynd 60. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem fara á skíði, snjóbretti eða skauta og hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda skíði, snjóbretti og skauta, 3 sinnum í viku eða oftár.

Algengara er að strákar í Reykjavík stundi skíða- og skautaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftár. Undantekningar frá þessu er að finna í borgarhluta I þar sem stelpur í fimmta og áttunda bekk eru nánast helmingi líklegri en strákar til þess að iðka íþróttirnar þetta oft.


Tafla 8. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem fara á skíði, snjóbretti eða skauta og hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda skíði, snjóbretti eða skauta, þrisvar sinnum í viku eða oftár.

	Borgarhluti I		Borgarhluti II		Borgarhluti III		Borgarhluti IV		Reykjavík	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	11%	20%	11%	7%	13%	6%	17%	8%	13%	9%
6. bekkur	14%	8%	14%	9%	16%	9%	11%	6%	14%	8%
7. bekkur	8%	5%	14%	6%	18%	7%	19%	5%	15%	6%
8. bekkur	4%	7%	12%	7%	19%	7%	17%	10%	14%	8%

Sjálfsvarnariþróttir

Hlutfall grunnskólanema sem stunda sjálfsvarnariþróttir í Reykjavík þrisvar sinnum í viku eða oftár er ekki hátt, sérstaklega ekki ef það er borið saman við hlutfall nemenda sem stunda aðrar íþróttir. Á mynd 61 sést að um 3-5% grunnskólanema í Reykjavík allri stunda slíkar íþróttir þetta oft í viku. Svólítinn mun er að finna á milli

borgarhluta í þessu efni. Þannig kemur fram að um 7-8% fimmtu bekkinga í borgarhlutum I og IV stunda íþróttirnar þrisvar sinnum í viku eða oftari borið saman við um 4% fimmtu bekkinga í hinum borgarhlutum tveimur.



Mynd 61. Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda sjálfsvarnariþróttir (júdó, karate, TaeKwonDo eða jujitsu) 3 sinnum í viku eða oftari.


Ástundun sjálfsvarnariþróttar ræðst nokkuð af kynferði nemenda. Í töflu 9 sést að nær helmingur kemur fram á hlutfalli stráka og stelpna í iðkun sjálfsvarnariþróttar. Þannig má sjá í töflunni að strákar eru heldur líklegri en stelpur til þess að stunda íþróttirnar þrisvar sinnum í viku eða oftari. Um helmingi fleiri strákar en stelpur stunda íþróttirnar í öllum borgarhlutum að borgarhluta IV undanskildum, en þar er að finna minni mun á ástundun stráka og stelpna en annars staðar í borginni.

Tafla 9. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda sjálfsvarnariþróttir (júdó, karate, TaeKwonDo eða jujitsu) þrisvar sinnum í viku eða oftari.

	Borgarhluti I		Borgarhluti II		Borgarhluti III		Borgarhluti IV		Reykjavík	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	10%	5%	4%	2%	5%	2%	10%	5%	7%	3%
6. bekkur	5%	1%	5%	4%	5%	3%	2%	3%	4%	3%
7. bekkur	5%	6%	5%	2%	8%	4%	8%	5%	7%	4%
8. bekkur	6%	0%	5%	2%	8%	2%	5%	3%	6%	2%

Hjólaíþróttir

Hjólaíþróttir hvers konar hafa lengi verið vinsæl dægradvöl meðal barna og unglinga. Í þessari rannsókn eru hjólaíþróttir skilgreindar sem reglubundin notkun á hjólabrettum, hlaupahjólum, línuskautum og hjólaskautum. Mynd 62 sýnir hlutfall nemenda í Reykjavík sem stunda hjólaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar.



Mynd 62. Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem fara á hjólabretti, hlaupahjól, línuskauta eða hjólaskauta 3 sinnum í viku eða oftar.

Eins og sést á myndinni er verulegur munur á milli árganga í þessu efni, sérstaklega milli yngsta og elsta aldurshópsins. Þannig kemur fram að um 43% reykvískra barna í fimmta bekk stunda þessar íþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar borið saman við mun lægra hlutfall áttundu bekkinga, eða um 11%. Niðurstaðan er nokkuð svipuð fyrir alla borgarhluta. Borgarhluti IV sker sig helst úr þar sem hlutfallslega fleiri nemendur þar stunda slíkar íþróttir samanborið við nemendur í öðrum borgarhlutum. Þó er ekki um mikinn mun að ræða. Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi þess að hjólaíþróttir eru árstíðarbundnar íþróttir. Hið háa hlutfall nemenda í 5. – 7. bekk sem segist iðka slíkar íþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar kemur á óvart með tilliti til þess að spurningakönnunin var lögð fyrir í byrjun vors (3. apríl) þegar aðstæður til hjólaíþróttu eru ekki alltaf ákjósanlegar.

Tafla 10. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem fara á hjólabretti, hlaupahjól, línuskauta eða hjólaskauta þrisvar sinnum í viku eða oftar.

	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	37%	41%	47%	37%	41%	47%	49%	43%	44%	42%
6. bekkur	48%	27%	49%	32%	44%	36%	59%	41%	50%	34%
7. bekkur	45%	22%	44%	25%	40%	29%	50%	28%	44%	26%
8. bekkur	15%	5%	19%	2%	15%	3%	19%	6%	17%	4%


Eins og kemur fram í töflu 10 er nokkur munur á hlutfalli stráka og stelpna sem iðka hjólaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar, strákar eru líklegri en stelpur til þess að iðka þær. Minnsta mun milli kynja er að finna meðal fimmtu bekkina, þar sem um 42% stelpna og 44% stráka í Reykjavík segjast fara á hjólabretti, hlaupahjól, línuskauta eða hjólaskauta svo oft. Munurinn eykst með aldrinum og í 8. bekk eru strákar um fjórum sinnum líklegri en stelpur til þess að stunda hjólaíþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar.

Nemendur í 5. – 7. bekk sem ekki stunda íþróttir reglulega

Af umræðunni í þessari rannsókn má draga þá ályktun að verulegur hluti reykvískra nemenda iðki íþróttir hvort sem um ræðir íþróttir með íþróttafélögum eða á eigin vegum. Í þessari skýrslu er miðað við að reglubundin iðkun íþróttar sé a.m.k. nokkrum sinnum í mánuði og því er ástundun íþróttar sjaldnar en þetta talin óreglubundin.

Á mynd 63 gefur að líta hlutfall reykvískra nemenda sem taka ekki virkan þátt í íþróttastarfi⁴, það er einungis nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar. Þannig má sjá að á bilinu 9-11% barna og unglinga í Reykjavík stunda ekki íþróttir reglulega og að borgarhluta III undanskildum fer hlutfallið hækkandi með hærri aldri.

⁴ Hér samanstendur íþróttastarf af eftirfarandi íþróttum: fimleikum, frjálsum íþróttum og hlaupum, sjálfsvarnaríþróttum, hjólaíþróttum, vetraríþróttum, sundi og boltaíþróttum.



Mynd 63. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem stunda íþróttir nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar.

Ekki er um mikinn mun að ræða á hlutfalli stráka og stelpna í þessu efni. Á bilinu 7-9% stráka og 11-15% stelpna í Reykjavík falla í hóp nemenda sem ekki stunda íþróttir reglulega. Hins vegar er að sjá nokkurn kynjamun eftir aldri nemenda og búsetu. Þannig má sjá í töflu 11 að í borgarhluta II til að mynda er rúmlega helmingur munur á hlut stráka og stelpna í fimmta og sjöunda bekk en nær enginn munur á hlutfalli kynjanna í sjötta bekk.

Tafla 11. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem stunda íþróttir nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar.


	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	9%	7%	5%	11%	9%	13%	5%	12%	7%	11%
6. bekkur	8%	11%	10%	10%	10%	14%	8%	9%	9%	11%
7. bekkur	11%	13%	7%	15%	7%	14%	8%	19%	8%	15%

Umfjöllunin í *Grunnskólanemum í Reykjavík 2001* bendir til þess að nemendur 5. – 7. bekkja í Reykjavík séu almennt virkari í ástundun íþróttanna en nemendur áttundu bekkja, sérstaklega þegar iðkun fimleika og sunds er annars vegar. Eins og fram hefur komið stunda um 6% nemenda í 5. – 7. bekk í Reykjavík fimleika þrisvar sinnum í viku eða oftár samanborið við um 3% nemenda í 8. bekk (sjá á mynd 57). Sérstaka

athygli vekur munur milli árganga í fjölda sundferða en nemendur 5. – 7. bekkja eru nær þriðjungi líklegri en nemendur 8. bekkja til þess að fara í sund þrisvar sinnum í viku eða oftár (sjá mynd 59).

Íþróttastarf með íþróttafélögum – 8. bekkur.


Hér á eftir verður fjallað um íþróttapátttöku nemenda í áttunda bekk með íþróttafélögum. Þar sem upplýsingar um íþróttaiðkun 9. og 10. bekkinga liggja fyrir frá árinu 2000 voru einungis 8. bekkingar spurðir þetta árið um ástundun íþróttar með íþróttafélögum.



Mynd 64. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda íþróttir (æfa og/eða keppa) með íþróttafélögu.

Mynd 64 sýnir hlutfall áttundu bekkinga sem stunda íþróttir með íþróttafélögu. Af þeim sem iðka íþróttir með íþróttafélögum stunda flestir íþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftár, eða um 42% áttundu bekkinga í Reykjavík. Þetta hlutfall er nokkuð stöðugt eftir borgarhlutum. Þó kemur fram töluverður kynjamunur í ástundun íþróttar með íþróttafélögum. Þannig sést á mynd 65 að hlutfall stráka (52%) sem æfir með íþróttafélögum Reykjavíkur þrisvar í viku eða oftár er mun hærra en hlutfall stelpna (34%). Þó ber að hafa í huga að þessi kynjamunur á þátttöku í íþróttafélögum er


breytilegur eftir borgarhlutum. Í borgarhlutum II og III til að mynda er munurinn á hlutfalli kynjanna töluvert minni en í hinum borgarhlutum.



Mynd 65. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda íþróttir (æfa og/eða keppa) með íþróttafélagi þrisvar sinnum í viku eða oftar.


Æfingar í skólanum fyrir utan skyldutíma

Um það bil þriðjungur af heildarfjölda nemenda í áttunda bekk í Reykjavík iðka líkamsæfingar í skólanum fyrir utan hinn hefðbundna leikfimitíma, þrisvar sinnum í viku eða oftar. Þetta má sjá á mynd 66. Ekki er mikill munur á milli borgarluta sem bendir til þess að iðkun íþróttar og líkamsþjálfun í skólanum utan skyldutíma í leikfimi sé með svipuðu sniði meðal reykvískra nemenda.



Mynd 66. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem taka þátt í íþróttum og líkamsþjálfun í skólanum, fyrir utan skyldutíma (leikfimitíma).


Hins vegar er þátttaka nemenda í íþróttum og líkamsæfingum í skólanum gerólík eftir kynferði. Eins og mynd 67 ber með sér er hlutfall stráka (40%) í Reykjavík sem stunda íþróttir í skólanum utan leikfimitíma nær helmingi hærra en hlutfall stelpna (21%). Ekki er ólíklegt að hér sé um að ræða iðkun boltaíþróttá úti á skólavöllum í frímínútum og öðrum hléum á kennslutíma.



Mynd 67. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem taka þátt í íþróttum og líkamsþjálfun í skólanum, fyrir utan skyldutíma (leikfimitíma), þrisvar sinnum í viku eða oftar.


Íþróttir og æfingar hvorki á vegum skóla né íþróttafélaga

Hlutfall nemenda sem iðka íþróttir óháð skólum og íþróttafélögum þrisvar sinnum í viku eða oftar er ekki ósvipað hlutfalli nemenda sem stunda íþróttir á vegum skóla fyrir utan tilskyldan leikfimitíma (sjá mynd 68). Um 33% áttundu bekkinga í Reykjavík stunda íþróttir óháð skólum og íþróttafélögum þrisvar sinnum í viku eða oftar.



Mynd 68. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda íþróttir eða æfingar á eigin vegum.

Nokkuð algengara er að strákar stundi íþróttir á eigin vegum en stelpur. Þannig má sjá að 41% stráka og 24% stelpna í Reykjavík æfa slíkar íþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar (sjá mynd 69).




Mynd 69. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stundar íþróttir eða æfingar á eigin vegum, þrisvar sinnum í viku eða oftar.

Samanburður á íþróttaiðkun nemenda 2000 og 2001

Hér verður íþróttaiðkun áttundu bekkinga árið 2001 borin saman við upplýsingar um íþróttaiðkun níundu og tíundu bekkinga frá árinu 2000. Mynd 70 sýnir að íþróttaiðkun áttundu, níundu og tíundu bekkinga er með svipuðu sniði. Hlutfallslega

fleiri nemendur í 8. bekk árið 2001 iðka íþróttir eða æfingar á eigin vegum en 9. og 10. bekkingar gerðu árið 2000.



Mynd 70. Hlutfall nemenda í 8. bekk 2001 og 9. – 10. bekk 2000 sem stunda tiltekna íþróttir (líkamsþjálfun) 1 sinni í viku eða oftár.


Um 58% áttundu bekkinga stunda íþróttir og æfingar utan skóla eða íþróttafélaga einu sinni í viku eða oftár árið 2001 borið saman við lægra hlutfall níundu og tíundu bekkinga (52%) árið 2000. Þó ber að hafa í huga að hér er ekki um sama ár að ræða heldur nemendur í 8. bekk árið 2001 og nemendur í 9. og 10. bekk árið 2000. Eins og kemur fram á myndinni lækkar ástundun íþróttar og æfinga utan skóla og íþróttafélaga jafnt og þétt með auknum aldri.

Iðkun skipulags félags- og tómstundastarfs

Í þessum kafla verður iðkun skipulags félags- og tómstundastarfs gerð skil. Í þessari skýrslu er miðað við að skipulagt félags- og tómstundastarf sé í umsjón fullorðinna aðila sem hafa umsjón með starfsemi.

Skátastarf

Mynd 71 sýnir hlutfall þeirra nemenda í Reykjavík sem taka þátt í skátastarfi einu sinni í viku eða oftar.



Mynd 71. Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem taka þátt í skátastarfi, 1 sinni í viku eða oftar.

Athygli vekur að þátttaka í skátastarfi er almennt meiri í borgarhlutum I og II en hinum borgarhlutum. Til að mynda stunda 12% fimmtu bekkinga í borgarhluta I skátastarf borið saman við um 5% sjöundu og áttundu bekkinga á því svæði. Þessu er öðruvísi farið með borgarhluta III og IV. Þar er hlutfall fimmta til áttunda bekkjar í skátastarfi jafnara en annars staðar, sérstaklega í borgarhluta IV en 4% 5., 6. og 8. bekkinga þar stunda skátastarf einu sinni í viku eða oftar borið saman við um 3% sjöundu bekkinga. Borgarhlutarnir eiga það sameiginlegt að yngri nemendurnir eru yfirleitt líklegri en eldri nemendurnir til þess að stunda skátastarf að minnsta kosti einu sinni í viku.


Tafla 12. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem taka þátt í skátastarfi, einu sinni í viku eða oftár.

	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	8%	16%	9%	11%	5%	2%	2%	5%	6%	8%
6. bekkur	2%	15%	7%	12%	6%	5%	4%	4%	5%	9%
7. bekkur	6%	4%	7%	7%	1%	1%	4%	1%	5%	4%
8. bekkur	1%	8%	8%	5%	2%	4%	4%	4%	4%	5%

Í Reykjavík í heild er þátttaka í skátastarfi algengari meðal stelpna en stráka í 5. og 6. bekk en svipuð meðal kynja í 7. og 8. bekk. Þó undantekningar frá þessu sé að finna má sjá í töflu 12 að stelpur eru almennt líklegri en strákar til þess að vera í skátastarfi einu sinni í viku eða oftár, sérstaklega í borgarhlutum I og II. Þar kemur fram verulegur kynjamunur, sérstaklega meðal nemenda sjötta bekkjar í borgarhluta I en 2% stráka og 15% stelpna á þeim aldri tekur þátt í skátastarfi einu sinni í viku eða oftár.

Trúarstarf

Á mynd 72 má sjá hlutfall reykvískra grunnskólanema sem taka þátt í trúarstarfi einu sinni í viku eða oftár. Eins og kemur fram á myndinni byggist þátttakan í starfsseminni verulega á því í hvaða árgangi nemendur eru. Almennt eru nemendur 5. og 6. bekkja líklegri en nemendur 7. og 8. bekkja til þess að taka þátt í trúarstarfi einu sinni í viku eða oftár. Í Reykjavík í heild taka 17% og 18% nemenda í 5. og 6. bekk þátt í trúarstarfi borið saman við helmingi lægra hlutfall (7% og 5%) nemenda í 7. og 8. bekk.



Mynd 72. Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda trúarstarf (svo sem KFUM og K, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar eða kirkjuklúbbinn) 1 sinni í viku eða oftár.

Stelpur eru nokkuð líklegri en strákar til þess að stunda trúarstarf einu sinni í viku eða oftár. Í töflu 13 sést að um og yfir helming munur er á hlutfalli stráka og stelpna í trúarstarfi í höfuðborginni. Þessi tilhneiging minnkar nokkuð með hækkandi aldri og er munurinn á hlut stráka og stelpna í Reykjavík í heild orðinn afar lítill þegar komið er upp í áttunda bekk. Þó vekur athygli að þetta á ekki við nemendur í áttunda bekk í borgarhluta I og nemendur í sjöunda bekk í borgarhluta IV. Í fyrrnefnda borgarhlutanum til dæmis taka nær þrisvar sinnum fleiri strákar en stelpur í áttunda bekk þátt í trúarstarfi.

Tafla 13. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stundar trúarstarf (svo sem KFUM og K, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar eða kirkjuklúbbinn) einu sinni í viku eða oft.

	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	15%	25%	13%	27%	13%	21%	5%	16%	12%	22%
6. bekkur	9%	18%	15%	21%	14%	33%	10%	22%	12%	25%
7. bekkur	4%	8%	7%	9%	4%	8%	3%	21%	5%	11%
8. bekkur	13%	5%	3%	2%	9%	3%	3%	8%	6%	4%


Tónlistarstarf

Í rannsóknnum á ungu fólki er algengt að skipta tónlistarstarfi barna og unglinga í tvennt. Annars vegar það tónlistarstarf sem á sér stað innan skólakerfisins og hins vegar sú tónlistarstarfsemi sem er utan slíkra stofnana (Þórólfur Þórlindsson, o. fl., 2000). Ekki verður greint á milli þessarar starfsemi í umfjölluninni hér. Einungis er miðað við hvort og hversu oft í viku nemendur spila á hljóðfæri.

Á mynd 73 getur að líta hlutfall nemenda sem spila á hljóðfæri⁵ þrisvar sinnum í viku eða oft. Lítil munur er á hlutfalli nemenda 5., 6. og 7. bekkja í Reykjavík í heild (18-20%). Hins vegar má sjá verulegan mun á þessum árgöngum milli borgarhluta, þá sérstaklega milli borgarhluta I og II annars vegar og borgarhluta III og IV hins vegar. Hlutfallslega fleiri nemendur í fyrrnefndu borgarhlutunum en hinum síðarnefndu spila á hljóðfæri þrisvar sinnum í viku eða oft og munar þar allt að helmingi á milli svæða. Þannig má nefna að þriðjungur fimmtu og sjöundu bekkinga í borgarhluta I spila á hljóðfæri þetta oft í viku borið saman við um 13 - 15% nemenda á sama aldri í borgarhluta IV. Athygli vekur hið lága hlutfall nemenda í áttunda bekk

⁵ Ekki er um sama orðalag að ræða fyrir 5. – 7. bekk annars vegar og 8. bekk hins vegar. Yngri nemendurnir voru spurðir hvort þeir spila á hljóðfæri á kvarðanum næstum aldrei til fjórum sinnum í viku eða oft en áttunda bekkingar hvort þeir stundi tónlistarnám, lúðrasveit/skólahljómsveit eða hljómsveit með nokkrum vinum eða vinkonum á sama kvarða. Á þennan hátt var reynt að ná til allra

sem spila á hljóðfæri. Einungis 7% áttundu bekkinga í Reykjavík spila á hljóðfæri þrisvar sinnum í viku eða oftar og er það langtum lægra hlutfall en kemur fram í öðrum árgöngum.



Mynd 73. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem spila á hljóðfæri og hlutfall nemenda í 8. bekk sem eru í tónlistarnámi, eru í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum eða í lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit; 3 sinnum í viku eða oftar.

Þótt stelpur virðist sækja frekar í hljóðfæraleik en strákar er hlutfall stráka og stelpna nokkuð breytilegt eftir svæðum. Í töflu 14 sést að kynjamunurinn er hvað minnstur í borgarhluta III og mestur í borgarhluta I.

Tafla 14. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem spila á hljóðfæri (t.d. tónlistarnám, eru í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum eða í lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit) þrisvar sinnum í viku eða oftar.


	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	21%	37%	22%	29%	13%	13%	9%	20%	16%	23%
6. bekkur	23%	27%	22%	25%	14%	18%	10%	16%	16%	21%
7. bekkur	32%	31%	14%	25%	11%	12%	8%	20%	15%	21%
8. bekkur	10%	17%	6%	7%	6%	4%	5%	5%	7%	7%

nemenda sem á annað borð spila á hljóðfæri, en ekki bara nemenda sem stunda hefðbundið tónlistarnám.

Í þessu tilliti er vert að benda á að þótt kynjamunurinn sé mestur í borgarhluta I þá er hlutfall nemenda sem stunda hljóðfæraleik á því svæði almennt hærra en gengur og gerist annars staðar.

Myndlist og leiklist

Þegar ástundun mynd- og leiklistar er athuguð kemur í ljós að á bilinu 10 – 16% nemenda í 5. – 8. bekk í Reykjavík stunda slíkt. Á mynd 74 kemur fram að 16% reykvískra fimmtu bekkinga að meðaltali iðka mynd- og leiklist einu sinni í viku eða oftár og fer hlutfallið lækkandi með auknum aldri. Varla kemur fram munur á ástundun þessara listgreina eftir borgarhlutum. Helst er það ástundun sjöttu bekkinga sem er breytileg eftir búsetu en hlutfall þeirra fer frá 12% í borgarhluta III og upp í 18% í borgarhluta II.



Mynd 74. Hlutfall nemenda í 5. - 8. bekk sem stunda myndlist eða leiklist 1 sinni í viku eða oftár.

Töluverður munur er á hlutfalli stráka og stelpna í ástundun mynd- og leiklistar. Í töflu 15 sést að stelpur eru mun líklegri en strákar til þess að taka þátt í slíku tómstundastarfi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr rannsóknunum frá árunum 1992 og 1997, en þar kemur fram að stelpur eru almennt líklegri en strákar

til þess að stunda listgreinar á borð við myndlist og leiklist (Þórólfur Þórlindsson o. fl., 2000).

Minnsta mun á hlutfalli stráka og stelpna í ástundun mynd- og leiklistar er að finna í borgarhluta III en að meðaltali stunda um 10% stráka þar myndlist og leiklist borið saman við um 15% stelpna.

Tafla 15. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 8. bekk sem stunda myndlist eða leiklist einu sinni í viku eða oftar.


	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	14%	18%	10%	24%	15%	17%	9%	24%	12%	21%
6. bekkur	9%	19%	14%	23%	10%	14%	9%	23%	10%	20%
7. bekkur	12%	17%	10%	17%	7%	19%	8%	17%	8%	18%
8. bekkur	8%	14%	8%	17%	6%	11%	4%	14%	6%	14%

Skipulagt tómstundastarf 5. – 7. bekkjar í skóla

Hér verður dregin upp mynd af skipulögðu tómstundastarfi í skóla hjá reykvískum nemendum í fimmta til sjöunda bekk.

Tómstundastarf í skóla

Á mynd 75 kemur fram hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem tóku þátt í einu eða fleiri námskeiðum innan skólans veturinn 2001, svo sem námskeiðum í myndlist, keramik, leiklist eða skák.



Mynd 75. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem taka þátt í tómstundastarfi í skólanum (t.d. myndlist, keramik, leiklist eða skák), 1 námskeið eða fleiri.

Um þriðjungur allra reykvískra nemenda á þessum aldri tók þátt í slíkri starfsemi veturinn 2001 og er ekki um mikinn mun að ræða milli árganga. Þó er borgarhluti I undantekning frá þessu en fimmtu bekkingar þar eru miklu líklegri en nemendur sjötta og sjöunda bekkjar til þess að taka þá í tómstundastarfi í skólanum.


Eins og kemur fram í töflu 16 er algengara að stelpur stundi skipulagt tómstundastarf í skóla en strákar. Það veur athygli að þessi kynjamunur kemur ekki fram í borgarhluta I en að jafnaði taka um 26% stráka þar þátt í tómstundastarfi í skóla borið saman við um 27% stelpna.

Tafla 16. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem taka þátt í tómstundastarfi í skólanum (t.d. myndlist, keramik, leiklist eða skák) 1 námskeið eða fleiri.

	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	34%	35%	32%	40%	29%	47%	22%	43%	29%	42%
6. bekkur	22%	21%	30%	37%	27%	41%	25%	45%	27%	38%
7. bekkur	23%	25%	24%	45%	30%	35%	24%	49%	26%	39%

Félagsstarf í bekknum

Mynd 76 sýnir hlutfall nemenda sem tók þátt í einni eða fleiri skemmtunum innan bekkjarins, svo sem bekkjar- eða spilakvöldum. Eins og kemur fram á myndinni taka langflestir nemendur grunnskólanna þátt í slíkum skemmtunum en um það bil 80% nemenda í 5. – 7. bekk grunnskóla í Reykjavík í heild segjast taka þátt í slíku félagsstarfi innan bekkja.



Mynd 76. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem taka þátt í félagsstarfi í bekknum sínum (t.d. bekkjarkvöldi eða spilakvöldi), 1 skemmtun eða fleiri.


Ekki er um mikinn kynjamun að ræða í iðkun félagsstarfs innan bekkja. Þannig má sjá í töflu 17 að á bilinu 74-79% stráka í Reykjavík í heild og 80-86% stelpna tóku þátt í slíku félagsstarfi einu sinni eða oftár veturinn 2001. Minnsta mun á hlutfalli stráka og stelpna er að finna í borgarhluta I og er það í samræmi við hlutfall nemenda sem stunda félagsstarf í skólanum (sjá töflu 16). Þessa niðurstöðu er hægt að skilja sem svo að almennt sé um minni mun að ræða á hlutfalli kynjanna í skipulögðu félagstarfi í skóla borgarhluta I en í öðrum borgarhlutum.

Tafla 17. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem taka þátt í félagsstarfi í bekknum sínum (t.d. bekkjarkvöldi eða spilakvöldi) einni skemmtun eða fleiri.

	Borgarhluti I		Borgarhluti II		Borgarhluti III		Borgarhluti IV		Reykjavík	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	91%	93%	75%	79%	73%	85%	80%	88%	78%	86%
6. bekkur	88%	92%	76%	84%	73%	78%	85%	92%	79%	85%
7. bekkur	77%	83%	73%	80%	71%	78%	76%	80%	74%	80%

Ekkert félagsstarf í boði innan bekkjarins

Á mynd 77 gefur að líta niðurstöður fyrir nemendur í 5. – 7. bekk sem segja ekkert félagsstarf í boði innan bekkjarins. Eins og sjá má er hlutfall nemenda sem þetta segja mishátt eftir aldri og búsetu. Í Reykjavík í heild er tiltölulega algengara að eldri nemendur en yngri segi ekkert félagsstarf í boði þó slíkt mynstur sé ekki að finna í borgarhlutum II og III. Í þeim borgarhlutum eru jafnframt fleiri nemendur en annars staðar sem telja að ekkert félagsstarf sé í boði innan bekkja.



Mynd 77. Hlutfall nemenda í 5. - 7. bekk sem segja ekkert félagsstarf í boði í bekknum sínum (t.d. bekkjarkvöld eða spilakvöld).

Það vekur athygli að ekki kemur fram samræmi í skoðunum stráka og stelpna á því hvort félagsstarf sé í boði innan bekkjarins. Þannig má sjá í töflu 18 að á bilinu 14-17% stráka í Reykjavík segja ekkert félagsstarf í boði í bekknum sínum samanborið við um 9-14% stelpna. Þótt munurinn á hlutfalli kynjanna sé ekki mikill gefur hann

vísbendingu um að það hvort félagsstarf sé í boði eða ekki innan bekkja hefur mismunandi merkingu eftir kynferði nemenda. Strákar eru líklegri en stelpur til þess að telja ekkert félagsstarf í boði innan bekkja sinna. Í þessu samhengi má benda á að strákar taka jafnframt minni þátt en stelpur í félagsstarfi innan bekkja (sjá töflu 17). Það er hugsanlegt að strákum líki ekki það félagsstarf sem er í boði og segja þ.a.l. að það sé engin starfssemi í boði.

Tafla 18. Hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk sem segja ekkert félagsstarf í boði í bekknum sínum (t.d. bekkjarkvöld eða spilakvöld).


	<u>Borgarhluti I</u>		<u>Borgarhluti II</u>		<u>Borgarhluti III</u>		<u>Borgarhluti IV</u>		<u>Reykjavík</u>	
	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur	strákar	stelpur
5. bekkur	7%	3%	19%	15%	18%	10%	8%	6%	14%	9%
6. bekkur	8%	6%	15%	13%	20%	19%	12%	4%	15%	12%
7. bekkur	13%	13%	18%	13%	20%	17%	15%	13%	17%	14%

Skipulagt félagsstarf nemenda í 8. bekk

Hér gefur að líta niðurstöður á ástundun félags- og tólmstundastarfs meðal áttundu bekkinga í grunnskólum Reykjavíkur.


Böll í félagsmiðstöð og skóla

Mynd 78 leiðir í ljós að um 44% nemendur áttundu bekkja fara á böll í skóla eða félagsmiðstöð nokkrum sinnum í mánuði. Mun minna er um að nemendur fari vikulega eða oftar en það á við um 13% nemenda. Þó má benda á að borgarhluti I sker sig úr hvað þetta varðar en almennt stunda nemendur þar böll sjaldnar en nemendur í öðrum borgarhlutum.



Mynd 78. Hlutfall nemenda í 8. bekk eftir því hve oft þeir stunda böll í félagsmiðstöð eða skóla.

Á mynd 79 kemur fram að stelpur í Reykjavík eru aðeins líklegri (60%) en strákar (54%) til að stunda böll í félagsmiðstöð eða skóla nokkrum sinnum í mánuði eða oftar. Í borgarhluta I er munurinn milli kynjanna mestur. Þannig segist rúmlega helmingur stelpna í 8. bekk stunda böll í félagsmiðstöð eða skóla nokkrum sinnum í mánuði eða oftar samanborið við rúmlega þriðjung stráka.




Mynd 79. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda böll í félagsmiðstöð eða skóla nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Starfsemi félagsmiðstöðva


Á mynd 80 kemur fram að á bilinu 15-21% áttundu bekkinga í Reykjavík stunda félagsstarf innan félagsmiðstöðva nokkrum sinnum á ári eða oftar. Í ljós kemur að

niðurstaðan er svölítið mismunandi eftir borgarhlutum eins og sést best á borgarhlutum I og II. Miklu færri nemendur þar (7 – 10%) stunda starfsemi félagsmiðstöðva einu sinni í viku eða oftár en annars staðar í borginni.



Mynd 80. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda félagsmiðstöð að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbba) nokkrum sinnum á ári eða oftár.

Í Reykjavík í heild er enginn munur á ástundun stráka og stelpna hvað félagsstarf í félagsmiðstöð varðar. Á mynd 81 kemur fram að 32% reykvískra stráka og stelpna stunda slíkt klúbbastarf nokkrum sinnum í mánuði eða oftár. Aftur á móti er að sjá kynjamun innan borgarhluta II, III og IV, þá sérstaklega í síðastnefnda borgarhlutanum, en þar munar töluverðu á strákum og stelpum. Athyglisvert er að í borgarhluta IV eru stelpur mun líklegri en strákar til að stunda klúbbastarf í félagsmiðstöð en því er öfugt farið í borgarhlutum II og III þar sem slík ástundun er algengari hjá strákum.




Mynd 81. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda félagsmiðstöð að undanskildum böllum og diskóum (t.d námskeið eða klúbba) nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Félagsstarf í skóla


Á mynd 82 gefur að líta hlutfall áttundu bekkinga í Reykjavík sem stunda félagsstarf í skólanum sínum að undanskildum böllum og diskóum en algengast er að slíkt félagsstarf sé stundað nokkrum sinnum á ári (22%).

Þessi niðurstaða er ekki frábrugðin því sem kemur fram á mynd 80 hér að framan þar sem fjallað er um nemendur sem stunda félagsstarf innan félagsmiðstöðvanna. Eins og áður sagði fór hlutfall nemenda sem stunda slíkt starf ekki yfir fjórðung nemenda, sem er sambærilegt við það sem kemur fram hér. Þó er að finna meiri kynjamun í iðkun félagsstarfs innan skóla en kemur fram í iðkun sambærilegs starfs innan félagsmiðstöðva.



Mynd 82. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda félagsstarf í skóla að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbba) nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Mynd 83 leiðir í ljós mun á hlutfalli stráka og stelpna í höfuðborginni sem sækja þessa starfsemi. Þessi niðurstaða er þó nokkuð breytileg eftir borgarhlutum. Þannig kemur varla fram munur á kynjunum í borgarhluta III en yfir helmingur munur í borgarhluta I.




Mynd 83. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem stunda félagsstarf í skóla að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbba) nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Athygli vekur hin mikla ástundun stelpna í borgarhluta IV en þriðjungur fleiri stelpur þar en í Reykjavík stunda félagsstarf í skóla.

Samanburður á félags- og tómstundastarfi nemenda 2000 og 2001

Hér ber að líta samanburð á félags- og tómstundastarfi 8. bekkinga árið 2001 við félags- og tómstundastarf 9. og 10. bekkinga árið 2000. Eins og áður sagði er markmiðið með rannsókninni að bæta við þá þekkingu sem fyrir er á íþrótta- og tómstundaiðkun nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla Reykjavíkur með því að skoða 8. bekk á svipaðan hátt og eldri nemendurna. Eins og sjá má á mynd 84 er lítinn munur að finna á þátttöku nemenda í þessum árgöngum í félagsstarfi í skóla og félagsmiðstöðvum að böllum og diskóum undanskildum. Þátttaka áttundu bekkinga í félagsstarfi skóla og félagsmiðstöðva er aðeins minni en þátttaka eldri nemenda. Aðra sögu er að segja um böll og diskó í félagsmiðstöð eða skóla en nemendur í 8. bekk eru líklegri (57%) en nemendur í 9. og 10. bekk til þess að stunda slíkt.




Mynd 84. Hlutfall nemenda í 8. bekk 2001 annars vegar og 9. og 10. bekk 2000 hins vegar sem stunda tiltekið félagsstarf, nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Þetta þarf þó ekki að vera vísbending um það að eldri nemendurnir séu minna fyrir slíkar skemmtanir en yngri nemendurnir. Þetta gæti allt eins þýtt að elstu nemendurnir leiti annað eftir slíkri skemmtun. Til að mynda benda rannsóknirnar frá 1992 og 1997 til þess að tíundu bekkingar séu líklegri en nemendur í níunda bekk til þess að fara

niður í bæ á kvöldin og um helgar, sérstaklega árið 1992 en þá hækkaði hlutfall þeirra sem fór að hitta fólk niðri í bæ stöðugt milli áttunda, níunda og tíunda bekkjar (Þórólfur Þórlindsson o. fl. 2000, bls. 39).

Vímuefnaneysla

Áreiðanlegar upplýsingar um vímuefnanotkun unglunga eru mikilvægt vopn í baráttunni gegn útbreiðslu vímuefna í samfélaginu og forsenda markvissrar stefnumótunar og árangursríks forvarnarstarfs. Nokkuð löng hefð hefur verið fyrir því á Íslandi að reyna að meta umfang vímuefnaneyslu meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla. Árið 1974 gerði borgarlæknir/héraðslæknir fyrstu könnunina á reykingum unglunga í Reykjavík. Frá 1984 hafa reglulegar kannanir verið gerðar á landsvísu á áfengisneyslu, reykingum og neyslu ólöglegra vímuefna meðal efstu bekkja grunnskóla (sjá mynd 85).



Mynd 85. Þróun vímuefnaneyslu unglunga í 10. bekk á Íslandi 1984-2000.


Reykingar

Þegar reykingar ungs fólks eru athugaðar sérstaklega kemur í ljós að á milli árána 1984 og 1992 dró heldur úr daglegum reykingum nemenda í 10. bekk á landinu í heild en milli 1992 og 1998 jukust þær töluvert. Árin 1999 og 2000 dró hins vegar á nýjan leik úr daglegum reykingum meðal þessa aldurshóps og árið 2001 stendur hlutfallið nánast í stað. Þróunin í Reykjavík hefur nánast verið sú sama og fyrir landið í heild, það er að milli 1984 og 1992 dró úr daglegum reykingum nemenda í 10. bekk í

grunnskólum Reykjavíkur. Hlutfallið jókst síðan aftur milli 1992 og 1998 en frá 1999 hefur jafnt og þétt dregið úr daglegum reykingum meðal þessa aldurshóps í Reykjavík. Árið 2001 stendur hlutfall nemenda í 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í stað milli ára en um 16% þeirra reykja daglega.


Daglegar reykingar

Mynd 86 sýnir hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja daglega árin 1997-2001, skipt eftir borgarhlutum og fyrir Reykjavík í heild. Eins og sjá má á myndinni er þróunin mismunandi milli borgarhluta. Í borgarhlutum I og II hefur dregið heldur úr daglegum reykingum nemenda í 10. bekk milli árunna 1997 og 2000. Daglegar reykingar nemenda í 10. bekk í borgarhluta II standa nánast í stað milli 2000 og 2001 (14-15%). Í borgarhluta I hækkar hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem reykja daglega úr um 17% árið 2000 í um 22% árið 2001. Í borgarhluta III hækkaði hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem reykja daglega milli 1997 og 1998 en hefur dregist saman síðan þá og á nú við um 15%. Þróunin í borgarhluta IV er með nokkuð öðrum hætti en þar lækkaði hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja daglega milli árunna 1997 og 1999 (úr um 24% í um 18%). Árið 2000 hækkaði það hlutfall örlítið eða í um 20% en árið 2001 dregur heldur úr því á nýjan leik (16%). Hæst hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík vorið 2001 sem reykja daglega er því í borgarhluta I en þar reykja um 22% daglega samanborið við um 15-17% í öðrum borgarhlutum og í Reykjavík í heild.



Mynd 86. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja daglega; 1997-2001.

Mynd 87 sýnir hlutfall áttundu og níundu bekkinga sem reykja daglega. Eins og sjá má á myndinni reykir töluvert hærra hlutfall nemenda í 9. bekk en í 8. bekk. Á heildina litið má sjá að daglegar reykingar eru algengari meðal nemenda í 8. og 9. bekk í borgarhlutum III og IV en í borgarhlutum I og II.




Mynd 87. Hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk vorið 2001 sem reykja daglega.


Daglegar reykingar stráka og stelpna

Rannsóknir hafa bent til þess að lítil munur sé á reykingum kynjanna, þó svo að heldur fleiri stelpur reyki en strákar (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Á myndum 88

og 89 má sjá þróun daglegra reykingar meðal stráka og stelpna í 10. bekk milli árunna 1997-2001, skipt eftir borgarhlutum og fyrir Reykjavík í heild.



Mynd 88. Hlutfall stráka í 10. bekk sem reykja daglega; 1997-2001.




Mynd 89. Hlutfall stelpna í 10. bekk sem reykja daglega; 1997-2001.


Líkt og myndirnar sýna er töluverður munur á daglegum reykingum stráka og stelpna í 10. bekk milli ára. Eins er talsverður munur milli borgarhluta hvað varðar daglegar reykingar stelpna. Segja má að frá árinu 1997 hafi jafnt og þétt dregið úr daglegum reykingum stráka á meðan daglegar reykingar stelpna hafa sveiflast töluvert milli ára. Ekki kemur fram mikill borgarhlutamunur á daglegum reykingum stráka í 10. bekk árið 2001, en á bilinu 7-11% stráka í 10. bekk reykja daglega. Mun meiri

munur kemur fram á daglegum reykingum stelpna árið 2001. Um 18% stelpna í 10. bekk í borgarhluta II reykja daglega samanborið við um 21-23% í borgarhluta III, IV og í Reykjavík í heild. Þróun daglegra reykinga stelpna í borgarhluta I er sérstaklega athyglisverð. Á mynd 89 kemur fram að verulega dró úr reykingum stelpna í borgarhluta I fram að árinu 2000 en þá jukust reykingar aftur og árið 2001 reykja um 30% stelpna þar daglega samanborið við um 20% stelpna í öðrum borgarhlutum.

Á myndum 90 og 91 gefur að líta daglegar reykingar stráka og stelpna í 8. og 9. bekk.



Mynd 90. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk vorið 2001 sem reykja daglega.




Mynd 91. Hlutfall nemenda í 8. bekk vorið 2001 sem reykja daglega.

Eins og sjá má er talsverður munur á daglegum reykingum milli þessara tveggja árganga þar sem hlutfallslega fleiri nemendur í 9. bekk reykja daglega en í 8. bekk. Hlutfallslega fleiri nemendur í borgarhlutum III og IV reykja daglega en í hinum borgarhlutum og á það bæði við nemendur í 8. og 9. bekk. Ekki kemur fram mikill kynjamunur á daglegum reykingum eftir borgarhlutum nema í borgarhluta III. Þar reykja hlutfallslega fleiri strákar en stelpur daglega og er því öfugt farið samanborið við það sem gerist meðal nemenda 10. bekkja (sjá myndir 88 og 89).

Munn- og neftóbaksnotkun

Á myndum 92-94 gefur að líta hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, skipt eftir borgarhlutum og fyrir Reykjavík í heild.




Mynd 92. Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2001, sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina.


Mynd 92 sýnir hlutfall nemenda í 10. bekk 2001 sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina. Sá mælikvarði gefur til kynna reglulega notkun slíkra efna. Líkt og myndin gefur til kynna hafa hlutfallslega fleiri nemendur notað neftóbak (4-12%) en munntóbak (2-5%) þetta oft. Hlutfallslega fleiri nemendur

í borgarhluta III hafa notað munn- og neftóbak (5% og 12%) en nemendur annars staðar.

Myndir 93 og 94 sýna hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina. Eins og sjá má á myndunum á það við töluvert hærra hlutfall nemenda í 9. bekk en 8. bekk að hafa gert slíkt. Líkt og við á um neftóbakið er einnig hlutfallslega algengara að nemendur í 9. bekk í borgarhluta III hafi neytt munntóbaks. Ef þessir þrír árgangar eru bornir saman má sjá að mynstrið er það sama í þeim öllum, þ.e.a.s. að hlutfallslega fleiri nemendur í borgarhluta III en í hinum borgarhlutunum hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina.



Mynd 93. Hlutfall nemenda í 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina.




Mynd 94. Hlutfall nemenda í 8. bekk vorið 2001 sem hafa notað munn- og neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina.

Áfengisneysla

Niðurstöður kannana hafa sýnt að frá árinu 1984 til ársins 1989 lækkaði hlutfall nemenda í 10. bekk á landinu í heild sem sögðust hafa neytt áfengis úr rúmlega 81% árið 1984 niður í um 70% árið 1989 (sjá mynd 85). Hlutfallið jókst aftur árið 1992 og var komið upp í um 79% árin 1992 og 1995 (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Árið 1997 höfðu rúmlega 81% nemenda í tíunda bekk drukkið áfengi einhvern tíma um ævina og hátt í 62% þeirra sögðust hafa orðið drukknir að minnsta kosti einu sinni. Þessar tölur sýna greinilega að meirihluti unglinga hefur einhvern tíma prófað að neyta áfengis sem og að áfengi er það vímuefni sem algengast er að unglingar nota. Í Reykjavík er sömu sögu að segja og fyrir landið í heild. Frá árinu 1997 hefur hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem segjast hafa neytt áfengis verið um 80% líkt og á landinu í heild og á sama tímabili segjast rúmlega 60% þeirra hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar um ævina.


Ölvun síðastliðna 30 daga

Mynd 95 sýnir hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvuðir síðastliðna 30 daga árin 1997 til 2001, skipt eftir borgarhlutum og fyrir Reykjavík í heild.



Mynd 95. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvuðir einu sinni eða oftar sl. 30 daga, 1997 - 2001.

Á myndinni má sjá að ölvun síðastliðna 30 daga drógst saman frá árinu 1998 til ársins 2000. Hins vegar ber svo við árið 2001 að þetta hlutfall hækkar milli ára í öllum borgarhlutum, að borgarhluta I undanskildum. Á bilinu 32-45% nemenda í 10. bekk hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, hlutfallslega fæstir í borgarhluta I og hlutfallslega flestir í borgarhluta IV.




Mynd 96. Hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk vorið 2001 sem hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga.

Á mynd 96 gefur að líta hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk sem hafa orðið ölvaðir síðastliðna 30 daga. Eins og sjá má á myndinni á það við hlutfallslega fleiri nemendur í 9. bekk en í 8. bekk að hafa orðið ölvuð síðastliðna 30 daga. Hlutfallslega flestir í bæði 8. og 9. bekk í borgarhlutum III og IV og svipar því til ölvunardrykkju nemenda í 10. bekk.

Ölvun stráka og stelpna


Þó ölvun stráka hafi jafnan verið algengari en stelpna benda niðurstöður kannana undanfarin ár til þess að þetta sé að breytast. Árið 1999 til að mynda var tíðni ölvunar meðal stráka og stelpna nánast sú sama (Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999) en árið 2001 er ölvunardrykkja orðin hlutfallslega algengari meðal

stelpna í 10. bekk í grunnskólum í Reykjavík en stráka. Þannig segjast um 40% stelpna í 10. bekk í Reykjavík í heild hafa orðið ölvaðar síðastliðna 30 daga samanborið við um 34% stráka. Vert er að benda á að þegar litið er á niðurstöður fyrir alla borgarhlutana er ekki mikill kynjamunur nema í borgarhluta I þar sem um 2 af hverjum 10 strákum hafa orðið ölvaðir síðastliðna 30 daga samanborið við um 4 af hverjum 10 stelpum. Í öðrum borgarhlutum og í Reykjavík í heild kemur vart fram munur milli stráka og stelpna (sjá mynd 97).




Mynd 97. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk vorið 2001 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga.

Myndir 98 og 99 sýna hlutfall stráka og stelpna í 8. og 9. bekk sem hafa orðið ölvuð síðastliðna 30 daga.



Mynd 98. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk vorið 2001 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga.



Mynd 99. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk vorið 2001 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar sl. 30 daga.

Eins og myndirnar bera með sér er ekki mikill munur á hlutfalli stráka og stelpna í 8. og 9. bekk sem hafa orðið ölvuð síðastliðna 30 daga, að einstaka borgarhlutum undanskildum. Í borgarhluta I hafa hlutfallslega fleiri stelpur (17%) en strákar (7%) í 9. bekk orðið ölvuð síðastliðna 30 daga og er það í samræmi við niðurstöður fyrir nemendur í 10. bekk. Í borgarhlutum III og IV á það við hlutfallslega fleiri stráka en stelpur í 9. bekk að hafa orðið ölvuð síðastliðna 30 daga. Meðal nemenda í 8. bekk kemur einungis fram munur milli kynja í borgarhluta II þar sem hlutfallslega fleiri strákar (11%) en stelpur (6%) hafa orðið ölvuð síðastliðna 30 daga.

Hvar drekka unglíngarnir?

Árið 1999 var algengast að nemendur í 10. bekk á landinu í heild segðust hafa neytt áfengis heima hjá öðrum, en það átti við um það bil annan hvern nemanda (46-50%) (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999). Sömu sögu er að segja fyrir árið 2000 og einnig fyrir árið 2001. Líkt og sjá má í töflum 19, 20 og 21 er algengast að nemendur í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum í Reykjavík segist neyta áfengis heima hjá öðrum og því næst í bænum. Ekki er algengt að nemendur segist neyta áfengis á grunnskólaböllum og á það við nemendur allra bekkja í öllum borgarhlutum eða um 0-5% nemenda (hlutfallslega flesta í 9. bekk í borgarhluta IV). Hlutfallslega fleiri nemendur segjast neyta áfengis á framhaldsskólaböllum eða á bilinu 1-23%, (hlutfallslega flestir í 10. bekk í borgarhluta II og IV). Sjá má að ólíklegast er að nemendur drekki áfengi í félagsmiðstöðvum en á bilinu 0-5% nemenda segjast gera slíkt, (hlutfallslega flestir í 10. bekk í borgarhluta II). Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar í samanburði við niðurstöður um ölvun síðastliðna 30 daga má sjá samsvörun þar á milli. Þannig hafa til að mynda unglíngar í borgarhluta I, þar sem ölvunin mælist minnst, almennt drukkið áfengi á fæstum stöðum en unglíngar í borgarhlutum III og IV, þar sem ölvunin mælist algengari, á flestum og á þetta við um nemendur í 8., 9. og 10. bekk.

Tafla 19. Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2001 sem drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum

	Borgar- hluti I	Borgar- hluti II	Borgar- hluti III	Borgar- hluti IV	Reykjavík
Heima hjá mér	9,6%	7,6%	16,9%	11,0%	11,6%
Heima hjá öðrum	40,6%	48,9%	48,2%	60,6%	49,3%
Í bænum	18,8%	27,9%	24,5%	24,4%	24,4%
Á skemmtistað/pöbb	8,2%	16,2%	13,3%	9,9%	12,6%
Á grunnskólaballi	4,1%	2,5%	4,5%	2,1%	3,4%
Á framhaldsskólaballi	10,2%	22,5%	14,8%	21,5%	17,5%
Í félagsmiðstöð	2,6%	4,8%	3,3%	1,0%	3,2%

Tafla 20. Hlutfall nemenda í 9. bekk vorið 2001 sem drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum

	Borgar- hluti I	Borgar- hluti II	Borgar- hluti III	Borgar- hluti IV	Reykjavík
Heima hjá mér	3,3%	5,9%	5,9%	3,8%	5,0%
Heima hjá öðrum	16,0%	14,2%	31,4%	31,7%	22,7%
Í bænum	10,3%	9,9%	12,5%	16,9%	12,0%
Á skemmtistað/pöbb	1,9%	4,9%	5,6%	3,8%	4,3%
Á grunnskólaballi	0,5%	2,5%	2,7%	5,4%	2,7%
Á framhaldsskólaballi	2,8%	4,3%	1,7%	6,5%	3,7%
Í félagsmiðstöð	0,0%	1,5%	2,4%	1,1%	1,4%

Tafla 21. Hlutfall nemenda í 8. bekk vorið 2001 sem drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum


	Borgar- hluti I	Borgar- hluti II	Borgar- hluti III	Borgar- hluti IV	Reykjavík
Heima hjá mér	3,3%	3,3%	6,2%	4,4%	4,4%
Heima hjá öðrum	14,4%	9,5%	16,1%	12,7%	13,0%
Í bænum	8,4%	10,1%	9,7%	7,7%	9,2%
Á skemmtistað/pöbb	1,1%	2,2%	0,9%	4,4%	2,1%
Á grunnskólaballi	0,6%	1,6%	1,2%	2,0%	1,4%
Á framhaldsskólaballi	1,7%	1,1%	0,6%	2,0%	1,2%
Í félagsmiðstöð	0,6%	0,8%	1,8%	0,4%	1,0%

Tegundir áfengis

Niðurstöður kannana hafa sýnt að neysla unglunga á sterku áfengi hefur dregist saman á undanförunum árum og að algengara sé orðið að þeir neyti bjórs en sterks áfengis (Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999). Það sama kemur í ljós árið 2001 þegar neysla bjórs, sterks áfengis og léttvíns er könnuð meðal nemenda í 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur (ekki sýnt á mynd). Mest er um það að nemendur í 10. bekk í Reykjavík drekki bjór, því næst sterkt áfengi og minnst er um neyslu á léttvíni (sjá viðauka 155, 156 og 157).

Neysla á heimabruggi/landa

Á mynd 100 má sjá hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa drukkið heimabruggi/landa þrisvar eða oftar um ævina. Sá mælikvarði er notaður til að skoða þann hóp unglunga sem hefur ekki bara prófað að neyta heimabruggs/landa heldur hefur neytt þess oftar. Eins og sjá má á myndinni á það við hlutfallslega flesta nemendur í 10. bekk að hafa gert slíkt (eða um rúmlega fjórðung), því næst nemendur í 9. bekk (hlutfallslega flesta í borgarhluta IV) en minnst er um að nemendur í 8. bekk hafi neytt heimabruggs/landa svo oft (hlutfallslega flestir í borgarhluta III). Sama mynstur kemur í ljós þegar kannað er hlutfall þeirra sem hafa drukkið heimabruggi/landa einu sinni eða oftar um ævina en það á við um hlutfallslega flesta nemendur í 10. bekk og hlutfallslega fæsta nemendur í 8. bekk (ekki sýnt á mynd).




Mynd 100. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk vorið 2001 sem hafa drukkið heimabrugg/landa þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Neysla ólöglegra vímuefna

Niðurstöður kannana hafa sýnt að heldur dró úr útbreiðslu ólöglegra vímuefna meðal unglinga á síðari hluta níunda áratugarins en að slík neysla jókst aftur á þeim tíunda (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Þannig hækkaði hlutfall nemenda í 10. bekk á landinu í heild sem segjast hafa prófað hass úr 4% árið 1989, í tæp 7% árið 1992, 13% árið 1997 og árið 1998 sögðust rúmlega 17% nemenda í 10. bekk hafa reykt hass einhvern tíma um ævina (sjá mynd 85). Í lok áratugarins virðist vera um niðursveiflu að ræða að nýju, en niðurstöður frá árunum 1999 og 2000 benda til að svo sé. Árið 1999 sögðust rúmlega 15% nemenda í 10. bekk á landinu í heild hafa notað hass en árið 2000 var hlutfallið komið niður í um 12%. Milli árunna 2000 og 2001 stendur hlutfallið nánast í stað og er um 11%. Mynstrið er mjög svipað meðal nemenda í 10. bekk í grunnskólum í Reykjavík þar sem hlutfallið hækkaði milli árunna 1989 og 1998 en lækkaði síðan aftur árið 1999 úr 16% í 12% árið 2000 en hækkar heldur árið 2001 (15%).


Hassneysla um ævina

Árið 2001 ber svo við að neysla á hassi, einu sinni eða oftar um ævina, meðal nemenda í 10. bekk hækkar lítillega milli ára í öllum borgarhlutum nema borgarhluta II þar sem neyslan heldur áfram að dragast saman (sjá mynd 101). Árið 2000 höfðu á bilinu 12-17% nemenda í 10. bekk notað hass einu sinni eða oftar um ævina en árið 2001 á það sama við um á bilinu 12-19% (hlutfallslega flesta í borgarhluta I og hlutfallslega fæsta í borgarhluta II).




Mynd 101. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2001.

Á mynd 102 gefur að líta hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Líkt og sjá má á er tíðari notkun á hassi hlutfallslega algengust í borgarhluta I (12%) og hlutfallslega sjaldgæfust í borgarhluta II (8%) og hækkar hlutfall þeirra sem þetta á við milli 2000 og 2001 í öllum borgarhlutum nema borgarhluta II, líkt og meðal þeirra sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina.



Mynd 102. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina, 1997 - 2001.


Þegar hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina er skoðað kemur í ljós að slík neysla er töluvert algengari meðal nemenda í 9. bekk en í 8. bekk (sjá mynd 103). Hlutfallslega flestir nemendur í 9. bekk í borgarhluta IV hafa gert slíkt og hlutfallslega flestir nemendur í 8. bekk í borgarhluta III.



Mynd 103. Hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina.

Á mynd 104 má sjá hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Hlutfallslega flestir nemendur í 9. bekk í borgarhluta IV

hafa notað hass þrisvar sinnum um ævina eða oftari og er það í samræmi við hassneyslu nemenda í 9. bekk einu sinni eða oftari um ævina. Enginn nemandi í 8. bekk í borgarhluta I segist hafa notað hass þrisvar sinnum um ævina eða oftari, samanborið við um 1-4% í öðrum borgarhlutum (hlutfallslega flestir í borgarhluta III).




Mynd 104. Hlutfall nemenda í 8. og 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftari um ævina.

Hassneysla stráka og stelpna

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að neysla ólöglegra vímuefna er algengari meðal stráka en stelpna (Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson, 1991) og hefur það mynstur einnig átt við um hassneyslu nemenda í 10. bekk. Árið 2001 kemur í ljós að sá munur er að hverfa.


Á mynd 105 má sjá hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað hass þrisvar sinnum um ævina eða oftari. Mestur kynjamunur kemur fram meðal nemenda í 10. bekk í borgarhlutum I og II. Í borgarhluta I á þetta við hlutfallslega fleiri stelpur (15%) en stráka (8%) en í borgarhluta II á þetta við um hlutfallslega fleiri stráka (10%) en stelpur (6%). Mun minni munur milli kynja kemur fram í öðrum borgarhlutum og Reykjavík í heild. Vert er að benda á að sama mynstur kemur í ljós þegar hlutfall þeirra sem hafa notað hass einu sinni eða oftari um ævina er skoðað þar

sem hlutfallslega flestar stelpur í borgarhluta I hafa gert slíkt og hlutfallslega færstar í borgarhluta II (ekki sýnt á mynd).




Mynd 105. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Þegar hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk er skoðað má sjá að slík neysla er heldur algengari meðal stráka en stelpna að undanskildum borgarhluta I þar sem þetta á við hlutfallslega fleiri stelpur en stráka og er það í samræmi við niðurstöður fyrir nemendur í 10. bekk (sjá myndir 105 og 106).



Mynd 106. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Hvað hassneyslu þrisvar sinnum eða oftár um ævina meðal stráka og stelpna í 8. bekk varðar má sjá að almennt á þetta við um nokkuð jafnt hlutfall stráka og stelpna að undanskildum strákum í borgarhluta III þar sem þetta á við um 4% samanborið við um 0-1% annars staðar. Hið sama á við um á bilinu 0-3% stelpna í öllum borgarhlutum (sjá mynd 107).



Mynd 107. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk vorið 2001 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina.


Hassneysla stelpna í borgarhluta I vorið 2001 er athyglisverð fyrir þær sakir að langtum fleiri stelpur en strákar í 9. og 10. bekk á því svæði hafa neytt hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina. Þetta er í samræmi við niðurstöður um daglegar reykingar (sjá niðurstöður í mynd 89) en fleiri stelpur en strákar í 9. og 10. bekk í borgarhluta I reykja daglega. Hins vegar er aðra sögu að segja um hassneyslu stelpna í 8. bekk en nær engin neysla á hassi kemur fram þar (um 0%).

Neysla annarra ólöglegra vímuefna

Af ólöglegum vímuefnum er algengast að nemendur efstu bekkja grunnskóla hafi notað hass, sniffefni og svefntöflur/róandi (án lyfseðils) einhvern tíma um ævina. Mjög lítil hluti nemenda í efstu bekkjum grunnskóla hafa prófað önnur efni eins og

LSD, kókaín og E-töflur. Neysla á heróíni og krakki hefur ekki mælst á Íslandi meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998).


Á myndum 108-110 gefur að líta hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað svefntöflur/róandi (án lyfseðils), amfetamín og E-töflur þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Neyslu nemenda á þessum efnum einu sinni eða oftar um ævina má sjá í viðauka 171, 173 og 175.



Mynd 108. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað svefntöflur/róandi án lyfseðils þrisvar sinnum eða oftar um ævina.


Líkt og sjá má á mynd 108 er það hlutfallslega algengara að nemendur í 10. bekk hafi notað svefntöflur/róandi þrisvar sinnum eða oftar um ævina en nemendur í 8. og 9. bekk. Hlutfallslega flestir nemendur í 10. bekk í borgarhluta I (10%) segja slíkt eiga við um sig en ekki kemur fram munur milli annarra borgarhluta (6-7%). Hvað varðar neyslu nemenda í 8. og 9. bekk á svefntöflum/róandi þrisvar sinnum eða oftar um ævina kemur hvorki fram munur milli borgarhluta né bekkja, en á bilinu 4-6% nemenda í 8. og 9. bekk segjast hafa notað slík lyf.

Á mynd 109 gefur að líta hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað amfetamín þrisvar sinnum eða oftar um ævina, skipt eftir borgarhlutum og fyrir Reykjavík í heild.



Mynd 109. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað amfetamín þrisvar sinnum eða oftar um ævina.


Eins og sjá má er mest um það að nemendur í 10. bekk hafi notað amfetamín þrisvar sinnum eða oftar um ævina, en ekki er afgerandi munur milli borgarhluta. Slíkt á við heldur lægra hlutfall nemenda í 9. bekk, hlutfallslega flesta í borgarhluta IV (3%). Minnst er um það að nemendur í 8. bekk hafi notað amfetamín þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Í 8. bekk mælist slík neysla á bilinu 0–2%. Þannig segist nær enginn nemandi í 8. bekk í borgarhlutum I og II hafa notað amfetamín svo oft.



Mynd 110. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað E-töflur þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Á mynd 110 má sjá hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað E-töflur þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Vart kemur fram munur milli borgarhluta og


bekkja hvað slíka neyslu varðar, en á bilinu 0-3% nemenda allra bekkja í öllum borgarhlutum segjast hafa notað E-töflur svo oft (hlutfallslega flestir í 8. bekk í borgarhluta III 3%). Athyglisvert er að í Reykjavík í heild segist jafn hátt hlutfall nemenda í 8. – 10. bekk hafa neytt E-taflna þrisvar sinnum eða oftar um ævina (1%). Sömu niðurstöður koma í ljós þegar hlutfall nemenda sem hafa prófað E-töflur einu sinni eða oftar um ævina er athugað, en það á við um 2% nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur (ekki sýnt á mynd). Þetta vekur óneitanlega upp spurningar um það hvort neysla á E-töflum sé að færast neðar í aldri meðal grunnskólanema.



Mynd 111. Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2001 sem hafa notað tiltekin ólögleg vímuefni einu sinni eða oftar um ævina.


Mynd 111 sýnir hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað LSD, kókaín, sniff (t.d. lím) og/eða sveppi einu sinni eða oftar um ævina. Eins og sjá má á myndinni er algengast að nemendur í 10. bekk hafi notað sniff einu sinni eða oftar um ævina. Ekki kemur fram munur milli borgarhluta hvað neyslu á LSD varðar, en slíkt á við um 1-2% nemenda í öllum borgarhlutum. Heldur meiri munur kemur fram milli borgarhluta hvað neyslu á kókaíni varðar en á bilinu 1-5% nemenda í 10. bekk segjast hafa neytt þess einu sinni eða oftar um ævina (hlutfallslega flestir í borgarhluta III). Á bilinu 1-8% nemenda í 10. bekk segjast hafa notað sniff einu sinni eða oftar um ævina,

hlutfallslega flestir í borgarhluta I. Lægst hlutfall nemenda í 10. bekk í borgarhluta II (um 0%) segist hafa notað sveppi einu sinni eða oftari um ævina samanborið við um 2-3% í öðrum borgarhlutum.



Mynd 112. Hlutfall nemenda í 9. bekk vorið 2001 sem hafa notað tiltekin ólögleg vímuefni einu sinni eða oftari um ævina.

Svipað mynstur kemur í ljós þegar neysla nemenda í 9. bekk er skoðuð fyrir sömu efni (þ.e. LSD, kókaín, sniff og sveppi) (sjá mynd 112). Algengast er að nemendur í 9. bekk hafi notað sniff, hlutfallslega flestir í borgarhluta IV eða um 10%, því næst sveppi, hlutfallslega flestir í borgarhluta IV eða um 5%, og kókaín, hlutfallslega flestir í borgarhluta IV eða um 4%. Hlutfallslega minnst er um það að nemendur í 9. bekk hafi notað LSD.




Mynd 113. Hlutfall nemenda í 8. bekk vorið 2001 sem hafa notað tiltekin ólögleg vímuefni einu sinni eða oftár um ævina.

Það sama er uppi á teningunum þegar neysla meðal nemenda í 8. bekk fyrir sömu efni (þ.e. LSD, kókaín, sniff og sveppi) er skoðuð (sjá mynd 113). Þegar á heildina er litið er neysla allra þessara efna hlutfallslega algengust meðal nemenda í 8. bekk í borgarhluta III.

Félagslegt umhverfi vímuefnaneyslu

Segja má að niðurstöður rannsókna styðji hið almenna sjónarmið um að félagslegt umhverfi ungmenna hafi mikil áhrif á það hvernig þeim farnast í lífinu, hvernig þau hugsa og hvernig þau hegða sér. Fjölskyldan, skólinn og æskulýðsfélög gegna veigamiklu hlutverki í að móta hegðun ungmenna og hindra þau í að aðhyllast þann lífsstíl sem fylgir neyslu vímuefna. Ef tengsl ungmenna við þessar stofnanir veikjast verður erfiðara fyrir þá aðila að veiga upp á móti þeim áhrifum sem ungmenni verða fyrir annars staðar frá (Agnew, 1991; Akers o. fl., 1979; Bailey og Hubbard, 1990; Elliott o. fl., 1985; Johnson, 1979; Kandel o. fl., 1978; Kaplan o. fl., 1984; Krohn o. fl., 1985; Krohn og Massey, 1980; Matsueda, 1982; Simons o. fl., 1994; Warr, 1993; Þórólfur Þórlindsson o. fl., 1998; Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson, 1991). Þannig hafa rannsóknir til að mynda sýnt að samvera unglinga og foreldra dregur

verulega úr líkum á því að unglingar neyti vímuefna. Unglingar sem lenda í félagsskap þar sem vímuefnaneysla er algeng eru síður líklegir en aðrir unglingar til að leiðast út í vímuefnaneyslu sjálfir ef þeir eyða miklum tíma með foreldrum sínum. Ætla má að þeir unglingar sem eru í sterkum tengslum við foreldra sína fái meiri stuðning frá þeim og hafa bæði erlendar og innlendar rannsóknir leitt það í ljós (Bachman o. fl., 1981; Barnes og Farrell, 1992; Hirschi, 1969; Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 1997; Krohn o. fl., 1984; Krohn og Massey, 1980; Warr, 1993, Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson, 1991). Sambærilegar niðurstöður fást þegar tengsl nemenda í áttunda bekk í Reykjavík vorið 2001 við foreldra eru skoðuð út frá vímuefnaneyslu þeirra. Þannig er sá hópur sem segist eiga frekar eða mjög erfitt með að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum þrefalt líklegri til að hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga en þeir sem segjast eiga frekar eða mjög auðvelt með að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum (sjá mynd 114). Þetta á líka við um daglegar reykingar og neyslu ólöglegra vímuefna (ekki sýnt á mynd).




Mynd 114. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga eftir því hversu auðvelt/erfitt er fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum.

Innlendar og erlendar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að unglingum sem líður illa í skólanum, standa sig illa í skólanum og búa yfir neikvæðri afstöðu til hans eru líklegri

en aðrir til að neyta áfengis og annarra vímuefna (Free, 1993; Ingibjörg V. Kaldalóns, 1996; Johnson, 1984; Kandel o. fl., 1978; Krohn o. fl., 1984; Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson, 1991).


Þegar ölvun nemenda síðastliðna 30 daga er skoðuð út frá líðan þeirra í kennslustundum vorið 2001 kemur í ljós að með aukinni vanlíðan aukast líkurnar á því að nemendur hafi orðið ölvaðir einu sinni eða oftár á þessu tímabili. Þannig þrefaldast líkurnar á því að nemendur í áttunda bekk hafi orðið ölvaðir á tímabilinu ef þeir segjast sjaldan eða nær aldrei líða vel í kennslustundum samanborið við þann hóp sem segist oft eða nær alltaf líða vel í kennslustundum (sjá mynd 115). Svipaðar niðurstöður koma í ljós þegar daglegar reykingar og neysla ólöglegra vímuefna er skoðuð (ekki sýnt á mynd).



Mynd 115. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga eftir því hversu oft þeim líður vel í kennslustundum.

Forvarnargildi íþróttá- og tómstundastarfs hefur töluvert verið rannsakað hérlendis. Í þessum rannsóknum hefur komið í ljós að unglingar sem stunda íþróttir eru síður líklegir til þess að reykja og neyta ólöglegra vímuefna en þeir sem ekki stunda íþróttir. Þá hafa rannsóknirnar leitt í ljós marktæka neikvæða fylgni milli áfengisneyslu og íþróttaiðkunar (Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson, 1992; Þórólfur Þórlindsson, 1989; Þórólfur Þórlindsson o. fl. 1994). Eins hefur því verið haldið fram

að það skipti verulegu máli hvers eðlis frístundir unglunga eru (Osgood o. fl., 1996). Þannig draga íþróttir og aðrar tómstundir unglunga, sem eru skipulagðar og í umsjón hefðbundinna aðila, (s.s. foreldra, kennara eða þjálfara), úr líkum á því að unglingar tileinki sér lífsstíl sem felur í sér vímuefnaneyslu. Á hinn bóginn er talið að það auki líkur á lífsstíl vímuefnaneyslu ef unglingar verja frístundum sínum í tómstundastarfi sem ekki eru í umsjón ábyrgra aðila. Þegar talað er um lífsstíl unglunga er oftast átt við hvað þeir gera í frístundum, hvernig og með hverjum þeir verja tíma sínum (Þórólfur Þórlindsson, 1997). Þegar tengsl íþróttaiðkunar og vímuefnaneyslu nemenda í áttunda bekk í Reykjavík vorið 2001 eru athuguð kemur í ljós að aukin ástundun íþróttá með íþróttafélagi dregur úr líkum á því að unglingarnir hafi orðið ölvaðir einu sinni eða oftár á síðastliðnum mánuði.



Mynd 116. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga eftir því hversu oft þeir stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.

Unglingar sem stunda íþróttir sjaldnar en einu sinni í viku eru nær þrefalt líklegri en unglingar sem stunda íþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftár til að hafa orðið ölvaðir síðastliðna 30. daga (sjá mynd 116).

Heimildaskrá

- Agnew, R. (1991). A longitudinal test of social control theory and delinquency. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 28, 126-156.
- Akers, R.L., Krohn, M.D., Lanza-Kaduce, L. og Radosevich, M. (1979). Social learning and deviant behavior: A specific test of a general theory. *American Sociological Review*, 44, 636-655.
- Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). *Monitoring the future*. Ann Arbor, MI: Institute for Social Research.
- Bailey, S.L. og Hubbard, R.L. (1990). Developmental variation in the context of marijuana initiation among adolescents. *Journal of Health and Social Behavior*, 31, 58-70.
- Barnes, G.M. og Farrell, M.P. (1992). *Parental support and control as predictors of adolescent drinking, delinquency and related problem behaviors*. *Journal of Marriage and the Family*, 54, 763-776.
- Elliott, D., Huizinga, D. og Ageton, S. (1985). *Explaining delinquency and drug use*. Beverly Hills, CA: Sage.
- Gillis, J. (1974). *Youth and history*. New York, Academic Press.
- Felson, R.B., Liska, A.E., South, S.J. og McNulty, T.L. (1994). The subculture of violence and delinquency: Individual vs. school context effects. *Social Forces*, 73, 155-173.
- Finnbogi Gunnarsson, Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (1996). *Ungt fólk og skólastarf á Suðurlandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Free, M. (1993). Stages of drug use: A social control perspective. *Youth & Society*, 25, 251-271.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkley: University of California Press.
- Hrönn Jónsdóttir, Guðríður Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason. (1991). *Athuganir á íslenskum unglíngum 1970 – 1990*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

- Inga Dóra Sigfúsdóttir (1999). Staða stúlkna og pílta í íslenskum grunnskólum. *Samfélagstíðindi*. Reykjavík.
- Ingibjörg V. Kaldalóns (1996). *Vímuefnaneysla íslenskra unglinga*. Óbirt M.A.-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Johnson, R.E. (1979). *Juvenile delinquency and its origins*. Cambridge, MA: Cambridge University Press.
- Johnson, K.A. (1984). The applicability of social control theory in understanding adolescent alcohol use. *Sociological Spectrum*, 4, 275-294.
- Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir (1997). *Staða skóla- og æskulýðsmála á Suðurnesjum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (1997). Ofbeldi, lífstíll, samfélag: Þættir tengdir ofbeldi, afbrotum og vímuefnaneyslu unglinga. *Uppeldi og menntun – Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 6, 65-78.
- Kandel, D.B., Kessler, R.C. og Marguiles, R.Z. (1978). Antecedents of adolescent initiation into stages of drug use: A developmental analysis. Í D.B. Kandel (Ritstj.), *Longitudinal research on drug use: Empirical findings and methodological issues* (bls. 73-99). Washington DC: Hemisphere.
- Kaplan, H.B., Martin, S.S. og Robbins, C.A. (1984). Pathways to adolescent drug use: Self-derogation, peer influence, weakening of social controls and early substance use. *Journal of Health and Social Behavior*, 25, 270-289.
- Krohn, M.D. og Massey, J.L. (1980). Social control and delinquent behavior: An Examination of the elements of the social bond. *The Sociological Quarterly*, 21, 529-543.
- Krohn, M.D., Lanza-Kaduce, L. og Akers, R.L. (1984). Community context and theories of deviant behavior: An examination of social learning and social bonding theories. *The Sociological Quarterly*, 25, 353-371.
- Krohn, M.D., Skinner, W.F., Massey, J.L. og Akers, R.L. (1985). Social learning theory and adolescent cigarette smoking: A longitudinal study. *Social Problems*, 32, 455-471.

- Liska, A.E. og Reed, M.D. (1985). Ties to conventional institutions and delinquency: Estimating reciprocal effects. *American Sociological Review*, 47, 489-504.
- Matsueda, R.L. (1989). The dynamics of moral beliefs and minor deviance. *Social Forces*, 68, 428-457.
- Osgood, D.W., Wilson, J.K., O'Malley, P.M., Bachman, J.G. og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review*, 50, 547-560.
- Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson (1992). The integrative and physiological effects of sport participation: A study of adolescents. *The Sociological Quarterly*, 33, 637-647.
- Simons, R.L., Wu, C., Conger, R.D. og Lorenz, F.O. (1994). Two routes to delinquency: Differences between early and late starters in the impact of parenting and deviant peers. *Criminology*, 32, 247-276.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.
- Þóroddur Bjarnason (2000). *Umfang ofbeldis meðal íslenskra unglunga og félagslegir skýringaþættir þess*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1999). *Þróun vímuefnaneyslu íslenskra unglunga: Yfirlit yfir niðurstöður íslenskra rannsókna á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla 1995-1999*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson (1993). *Tómstundir íslenskra unglunga vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson (1989). Sport participation, smoking, drug, and alcohol use among Icelandic youth. *Sociology of Sport Journal*, 6, 136-143.
- Þórólfur Þórlindsson (1997). Heilbrigði og lífsstíll ungs fólks. *Heilbrigðismál*, 3, 18-23.
- Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson (1991). Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents. *Adolescence*, 26, 399-418.

Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2000). *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglinga*. Reykjavík: Æskan.

Viðaukar

Viðauki I. Skóli og íþróttá- og tómstundaiðkun 5. – 7. bekkur

Tafla 1.

Hverjir eftirtalinna búa heima hjá þér? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Báðir foreldrar	63% (447)	69,7% (828)	69,4% (844)	71,7% (662)	68,9% (2781)
Móðir en ekki faðir	19,3% (137)	15,7% (187)	15,2% (185)	12,1% (112)	15,4% (621)
Faðir en ekki móðir	1,1% (8)	0,9% (11)	0,6% (7)	1,4% (13)	1% (39)
Móðir og sambýlismaður	13,4% (95)	8,9% (106)	11,4% (139)	12% (111)	11,2% (451)
Faðir og sambýliskona	0,6% (4)	0,9% (11)	0,7% (8)	0,7% (6)	0,7% (29)
Annað fyrirkomulag	2,5% (18)	3,8% (45)	2,8% (34)	2,1% (19)	2,9% (116)

Tafla 2.

Hversu oft ert þú með vinum þínum eftir skóla eða um helgar (svo sem að leika, tala saman, hlusta á tónlist)? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	4,1% (29)	6,2% (74)	6,1% (74)	5% (46)	5,5% (223)
Nokkrum sinnum í mán.	4,1% (29)	4,4% (52)	5% (61)	4% (37)	4,4% (179)
1-2 sinnum í viku	11,1% (79)	11,4% (135)	8,8% (106)	8,3% (77)	9,9% (397)
3 sinnum í viku	17,1% (121)	17% (201)	13,3% (161)	12,5% (115)	14,8% (598)
4 sinnum í viku eða oftar	63,6% (451)	61% (723)	66,8% (808)	70,2% (648)	65,3% (2630)

Tafla 3.

Hversu oft gerir þú eitthvað með fjölskyldunni (eins og að fara í sund, horfa á sjónvarp, fara í bíltúr, fara í heimsókn, fara á skíði)? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	8,8% (63)	8,8% (104)	10,5% (128)	8,4% (77)	9,2% (372)
Nokkrum sinnum í mán.	18,9% (135)	20,6% (244)	22,5% (275)	23,2% (214)	21,5% (868)
1-2 sinnum í viku	27,2% (194)	25% (296)	25% (305)	24,4% (225)	25,2% (1020)
3 sinnum í viku	20,5% (146)	21,4% (253)	19,1% (234)	19,8% (182)	20,2% (815)
4 sinnum í viku eða oftar	24,5% (175)	24,3% (288)	22,9% (280)	24,2% (223)	23,9% (966)

Tafla 4.

Hversu oft talar þú við foreldra þína um hvernig þér líður? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	29,8% (211)	31,5% (364)	34% (409)	33,4% (304)	32,4% (1288)
Nokkrum sinnum í mán.	25,7% (182)	22,6% (261)	23,3% (280)	22,4% (204)	23,3% (927)
1-2 sinnum í viku	18,5% (131)	18,4% (213)	17,2% (207)	18,6% (169)	18,1% (720)
3 sinnum í viku	9,7% (69)	9,9% (114)	9% (108)	8,5% (77)	9,3% (368)
4 sinnum í viku eða oftar	16,4% (116)	17,6% (204)	16,5% (199)	17,1% (155)	16,9% (674)

Tafla 5.**Hvernig finnst þér skólinn þinn?** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög góður	26,8% (190)	28,9% (345)	26,4% (322)	25,5% (237)	27% (1094)
Frekar góður	33,8% (240)	29,4% (350)	27,5% (335)	26,8% (249)	29% (1174)
Hvorki góður né slæmur	28,5% (202)	30,6% (365)	33% (402)	32,1% (298)	31,3% (1267)
Frekar slæmur	6,1% (43)	7,4% (88)	8,4% (102)	7,9% (73)	7,6% (306)
Mjög slæmur	4,9% (35)	3,7% (44)	4,8% (58)	7,7% (71)	5,1% (208)

Tafla 6.**Finnst þér námið yfirleitt auðvelt eða erfitt?** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög auðvelt	8,7% (62)	8,2% (97)	8,8% (107)	7,8% (72)	8,4% (338)
Frekar auðvelt	32,8% (234)	32,7% (388)	25,5% (310)	29,8% (274)	29,9% (1206)
Hvorki auðvelt né erfitt	48% (342)	49,6% (588)	53,6% (652)	49,7% (457)	50,5% (2039)
Frekar erfitt	9,1% (65)	8,1% (96)	10,7% (130)	10,6% (97)	9,6% (388)
Mjög erfitt	1,4% (10)	1,4% (17)	1,5% (18)	2,1% (19)	1,6% (64)

Tafla 7.**Hróa kennararnir þér í skólanum?** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	25,6% (180)	23,4% (276)	33,4% (404)	32,8% (301)	29% (1161)
Nokkrum sinnum í mán.	33,6% (236)	31,2% (368)	28,1% (340)	28,7% (264)	30,1% (1208)
1-2 sinnum í viku	25,8% (181)	24% (283)	21,5% (260)	20,8% (191)	22,8% (915)
3 sinnum í viku	10,4% (73)	12,9% (152)	11% (133)	10% (92)	11,2% (450)
4 sinnum í viku eða oftar	4,6% (32)	8,4% (99)	6,1% (74)	7,7% (71)	6,9% (276)

Tafla 8.**Hefur þú talað við kennarann þinn þegar þú hefur haft áhyggjur af einhverju?**

Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög oft	0,8% (6)	2,4% (28)	1,3% (16)	2,1% (19)	1,7% (69)
Oft	2,4% (17)	5,1% (60)	3,1% (38)	4,1% (38)	3,8% (153)
Stundum	18,5% (131)	23,4% (276)	20,7% (251)	18,9% (175)	20,7% (833)
Sjaldan	25,2% (179)	21,1% (249)	21,9% (266)	21,5% (199)	22,2% (893)
Næstum aldrei	53% (376)	48% (566)	53% (643)	53,4% (494)	51,6% (2079)

Tafla 9.**Finnur þú fyrir kvíða í skólanum?** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög oft	2,1% (15)	2,9% (34)	3% (37)	4,1% (38)	3,1% (124)
Oft	3% (21)	4,4% (52)	4,4% (54)	4,9% (45)	4,3% (172)
Stundum	21,9% (155)	23% (274)	23,6% (288)	20,4% (188)	22,4% (905)
Sjaldan	24,6% (174)	23,4% (278)	21,8% (266)	23,2% (213)	23,1% (931)
Næstum aldrei	48,4% (343)	46,3% (551)	47,1% (574)	47,4% (436)	47,2% (1904)

Tafla 10.**Hvernig líður þér yfirleitt í frímínútum?** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög vel	53,5% (384)	52% (618)	54,5% (663)	50,9% (471)	52,8% (2136)
Frekar vel	28,6% (205)	28,3% (336)	27,3% (332)	28,9% (268)	28,2% (1141)
Hvorki vel né illa	14,3% (103)	15,6% (185)	14% (170)	15,9% (147)	14,9% (605)
Frekar illa	3,6% (26)	3,5% (42)	3,2% (39)	3,6% (33)	3,5% (140)
Mjög illa	0% (0)	0,6% (7)	1,1% (13)	0,8% (7)	0,7% (27)

Tafla 11.**Hvernig líður þér yfirleitt í kennslustundum?** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög vel	26,8% (192)	28,8% (343)	24,9% (305)	24,1% (224)	26,2% (1064)
Frekar vel	37% (265)	40% (477)	34,2% (419)	38,4% (357)	37,4% (1518)
Hvorki vel né illa	31,7% (227)	26,6% (317)	33,8% (415)	28,4% (264)	30,1% (1223)
Frekar illa	3,2% (23)	3,9% (46)	5,1% (63)	7% (65)	4,8% (197)
Mjög illa	1,3% (9)	0,8% (9)	2% (24)	2,2% (20)	1,5% (62)

Tafla 12.**Átt þú vini í skólanum?** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög marga	37,3% (265)	36,9% (436)	37,6% (457)	36% (330)	37% (1488)
Marga	32,9% (234)	31,4% (371)	27,5% (334)	29,2% (268)	30% (1207)
Nokkra	23,1% (164)	23,1% (273)	25,8% (313)	25,5% (234)	24,5% (984)
Fáa	6,2% (44)	7,7% (91)	8,6% (104)	8,6% (79)	7,9% (318)
Enga	0,6% (4)	0,8% (9)	0,6% (7)	0,7% (6)	0,6% (26)

Tafla 13.**Hvað finnst þér einkenna skólann þinn?****Samskipti nemenda og fullorðinna eru góð í skólanum.** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög sammála	13,9% (98)	18,2% (213)	18,5% (222)	16% (145)	17,1% (678)
Frekar sammála	63,4% (446)	57,2% (669)	55,3% (662)	55% (498)	57,2% (2275)
Frekar ósammála	17,5% (123)	19,3% (226)	20,6% (246)	22% (199)	20% (794)
Mjög ósammála	5,1% (36)	5,2% (61)	5,6% (67)	7,1% (64)	5,7% (228)

Tafla 14.**Hvað finnst þér einkenna skólann þinn?****Mér þykir vænt um skólann minn.** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög sammála	28% (196)	26,9% (312)	25,6% (302)	21,6% (194)	25,5% (1004)
Frekar sammála	42,4% (297)	41,8% (485)	39,5% (466)	38,3% (345)	40,4% (1593)
Frekar ósammála	16,4% (115)	19,5% (226)	17,8% (210)	20,7% (186)	18,7% (737)
Mjög ósammála	13,3% (93)	11,8% (137)	17,1% (202)	19,4% (175)	15,4% (607)

Tafla 15.**Hvað finnst þér einkenna þekking þinn?****Krakkarnir í þekkingum eru góðir vinir.** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög sammála	34,6% (245)	30,7% (359)	30,7% (370)	28,6% (263)	30,9% (1237)
Frekar sammála	48,4% (343)	49,1% (573)	49,5% (597)	47,3% (435)	48,7% (1948)
Frekar ósammála	14% (99)	16,3% (190)	15,9% (192)	18,8% (173)	16,3% (654)
Mjög ósammála	3% (21)	3,9% (46)	3,8% (46)	5,3% (49)	4% (162)

Tafla 16.**Hvað finnst þér einkenna þekking þinn?****Maður þorir að vera maður sjálfur.** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög sammála	42,5% (296)	44,9% (518)	49% (582)	45,2% (406)	45,8% (1802)
Frekar sammála	39% (272)	37% (427)	33,8% (401)	36,6% (329)	36,3% (1429)
Frekar ósammála	13,9% (97)	13,7% (158)	11,5% (137)	13,7% (123)	13,1% (515)
Mjög ósammála	4,6% (32)	4,4% (51)	5,6% (67)	4,6% (41)	4,9% (191)

Tafla 17.**Hvað finnst þér einkenna þekking þinn?****Það er oft verið að taka einhvern fyrir og leggja í einelti.** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög sammála	4,6% (32)	7,5% (86)	9,2% (109)	9,2% (82)	7,9% (309)
Frekar sammála	12,9% (90)	15,4% (178)	17,9% (212)	15,8% (141)	15,8% (621)
Frekar ósammála	25,6% (179)	31,7% (366)	29,8% (353)	28,3% (252)	29,3% (1150)
Mjög ósammála	56,9% (398)	45,4% (524)	43,1% (510)	46,7% (417)	47,1% (1849)

Tafla 18.**Er þér strítt í skólanum?** Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Mjög oft	1,7% (12)	2,1% (25)	2,8% (34)	3,8% (35)	2,7% (106)
Oft	1,9% (13)	4,4% (52)	3,2% (38)	3,8% (35)	3,5% (138)
Stundum	14,1% (99)	15,3% (179)	15,1% (180)	13,5% (123)	14,6% (581)
Sjaldan	13,4% (94)	16% (188)	15,3% (183)	14,2% (130)	14,9% (595)
Næstum aldrei	68,9% (482)	62,1% (729)	63,5% (758)	64,7% (591)	64,3% (2560)

Tafla 19.**Hvar fer stríðnin helst fram?** (þeir sem svara játandi) Svör nemenda í 5. - 7. bekk.

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Í kennslustundum	12,2% (90)	11,9% (144)	13,5% (169)	13,8% (132)	12,9% (535)
Í leikfimi	4,9% (36)	3,8% (46)	4,6% (58)	5% (48)	4,5% (188)
Í búningaklefum/sturtu	6,7% (49)	6,8% (82)	4,6% (58)	6,2% (59)	6% (248)
Í frímínútum/á skólalóð	48,2% (354)	55,1% (669)	56,7% (708)	53,3% (510)	53,9% (2241)
Á leið í og úr skóla	6,5% (48)	7,8% (95)	10,5% (131)	6,9% (66)	8,2% (340)
Annars staðar	13,3% (98)	10,3% (125)	12,4% (155)	12,7% (121)	12% (499)

Tafla 20.**Ferð þú á skíði, skauta eða snjóbretti? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.**

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	47,5% (338)	45,9% (541)	47,7% (577)	45,9% (428)	46,7% (1884)
Nokkrum sinnum í mán.	31,6% (225)	33,8% (399)	32,2% (389)	33,2% (309)	32,8% (1322)
1-2 sinnum í viku	10,3% (73)	9,9% (117)	8,5% (103)	9,2% (86)	9,4% (379)
3 sinnum í viku	3,9% (28)	4,2% (50)	4,8% (58)	4,9% (46)	4,5% (182)
4 sinnum í viku eða oftár	6,7% (48)	6,1% (72)	6,8% (82)	6,8% (63)	6,6% (265)

Tafla 21.**Ferð þú í sund? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.**

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	12,1% (87)	13,4% (160)	15,7% (191)	16,2% (151)	14,5% (589)
Nokkrum sinnum í mán.	30,5% (219)	32,2% (383)	32,7% (397)	29,1% (271)	31,3% (1270)
1-2 sinnum í viku	38,5% (276)	36,9% (439)	27,7% (336)	33,9% (316)	33,7% (1367)
3 sinnum í viku	9,6% (69)	8,2% (98)	11,9% (144)	10,2% (95)	10% (406)
4 sinnum í viku eða oftár	9,2% (66)	9,3% (111)	12% (146)	10,6% (99)	10,4% (422)

Tafla 22.**Ert þú í fimleikum? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.**

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	80,2% (538)	81,5% (890)	83,2% (943)	83,6% (742)	82,2% (3113)
Nokkrum sinnum í mán.	5,1% (34)	4,7% (51)	3,4% (38)	3,2% (28)	4% (151)
1-2 sinnum í viku	8,8% (59)	8,9% (97)	7% (79)	7,7% (68)	8% (303)
3 sinnum í viku	2,5% (17)	2,4% (26)	3,5% (40)	2,6% (23)	2,8% (106)
4 sinnum í viku eða oftár	3,4% (23)	2,6% (28)	3% (34)	3% (27)	3% (112)

Tafla 23.**Ert þú í frjálsum íþróttum eða hlaupum? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.**

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	66,9% (458)	65,2% (728)	63,6% (737)	64,3% (573)	64,8% (2496)
Nokkrum sinnum í mán.	9,5% (65)	11,5% (129)	10,9% (126)	12% (107)	11,1% (427)
1-2 sinnum í viku	12,6% (86)	10,3% (115)	12,9% (150)	13% (116)	12,1% (467)
3 sinnum í viku	5,7% (39)	8,4% (94)	6% (70)	4,5% (40)	6,3% (243)
4 sinnum í viku eða oftár	5,4% (37)	4,6% (51)	6,6% (76)	6,2% (55)	5,7% (219)

Tafla 24.**Ert þú í sjálfsvarnariþróttum svo sem júdó, karate, TaeKwonDo? Svör nemenda í 5. - 7. bekk.**

	Borgarhluti I	Borgarhluti II	Borgarhluti III	Borgarhluti IV	Reykjavík
Næstum aldrei	90% (600)	90,6% (981)	89,9% (1015)	91,1% (798)	90,4% (3394)
Nokkrum sinnum í mán.	2,2% (15)	3,2% (35)	1,9% (22)	2,3% (20)	2,5% (92)
1-2 sinnum í viku	2,5% (17)	2,7% (29)	3,7% (42)	1,3% (11)	2,6% (99)
